

**Skýrsla samstarfshóps um
menningarmál á landsbyggðinni**

***Menntamálaráðuneytið
Október 2000***

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir 21

Október 2000

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Umbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: XYZETA ehf.

Prentun: Oddi

© 2000 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-63-8

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Aðdragandi stofnunar samstarfshópsins	6
Vinnuferli samstarfshópsins	6
Tillögur	8
1. Stefnunótun	8
1.1 Mótun menningarstefnu	8
1.2 Samningar ríkis og sveitarfélaga.....	9
1.3 Upplýsingaöflun	9
1.4 Menningarnet	9
1.5 Þjóðmenningarstofnanir.....	9
1.6 Menningarstarf fyrir ungt fólk	10
1.7 Efling safna.....	10
1.8 Almenningsbókasöfn eru menningarmiðstöðvar	11
1.9 Listasöfn	11
2. Aðstaða.....	11
2.1 Menningarhús og önnur aðstaða.....	12
3. Sjóðir og styrkir	12
3.1 Starfslaun listamanna	12
3.2 Menningarsjóður félagsheimila	12
3.3 Leiklist.....	13
3.4 Tónlist	13
3.5 Myndlist.....	14
3.6 Endurbygging gamalla húsa	14
3.7 Menningarhátíð landsbyggðarinnar	14
3.8 Nýsköpunarsjóður listamanna.....	15
3.9 Þróunarsjóður bókasafna	16
3.10 Aðrir sjóðir í stöðkerfi atvinnuveganna.....	16
3.11 Máttarstólpar	16
4. Fjölgun starfa	16
4.1 Skráning og gagnavinnsla.....	17
4.2 Menningarfulltrúar og menningarmiðstöðvar	17
4.3 Bæjarlistamenn	17
4.4 Listmenntun.....	18
4.5 Byggðasöfn og héraðsskjalasöfn	18
4.6 Menningartengd ferðaþjónusta	18
Menningarmál á landsbyggðinni	20
Fylgiskjal 1 - Listi yfir hugmyndir og tillögur sem fram komu	27
Fylgiskjal 2 - Gestir á fundum samstarfshóps um menningarmál	33
Fylgiskjal 3 - Sveitarfélög sem svöruðu bréfi starfshópsins	36

Inngangur

Menntamálaráðherra skipaði hinn 14. febrúar 2000 samstarfshóp um menningarmál á landsbyggðinni. Hópnun var ætlað það hlutverk að fjalla um eflingu menningarlífs og á hvern hátt mætti auðvelda og fjölga heimsóknnum listamanna til einstakra byggðarlaga. Samstarfshópurinn er þannig skipaður: Karitas H. Gunnarsdóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður, Gísli Sverrir Árnason, forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dr. Guðrún Helgadóttir, menningarráðgjafi, tilnefnd af Byggðastofnun. Óskað var eftir að samstarfshópurinn skilaði álitserð fyrir 15. október 2000.

Starfshópurinn hefur nú lokið störfum með því að skila álitni til menntamálaráðherra um hvernig best verði að þessum málum staðið í náninni framtíð. Í álitinu eru settar fram tillögur um aðgerðir sem að mati hópsins eru brýnastar til eflingar menningarlífs á landsbyggðinni á næstu árum. Aðrar hugmyndir sem fram komu eru margar vel til þess fallnar að vinna frekar að í náninni framtíð þótt þær séu ekki meðal þeirra tillagna sem hér eru settar í forgang.

Í starfi sínu leitaði starfshópurinn víðtæks samráðs eins og fram kemur í nánari lýsingu á vinnuferlinu. Erindi hópsins var vel tekið í hvívetna og má fullyrða að almenn samstaða og sátt hafi verið um nauðsyn þess að efla menningarstarf á landsbyggðinni. Samstarfshópur um menningarmál á landsbyggðinni vonar því að þær tillögur sem hann setur hér fram falli í góðan jarðveg hjá þeim sem með þennan málaflokk fara í landinu, löggjafar- og framkvæmdavaldi, Byggðastofnun og sveitarstjórnunum.

Samstarfshópurinn færir öllum þeim sem komið hafa að undirbúningi þessa álitis þakkir. Á þeirra hugmyndum eru tillögur starfshópsins byggðar.

Karitas H. Gunnarsdóttir

Guðrún Helgadóttir

Gísli Sverrir Árnason.

Aðdragandi stofnunar samstarfshópsins

Alþingi samþykkti 3. mars 1999 þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001 þar sem ríkisstjórninni er falið að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1999-2001 með það að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Sérstök áhersla er lögð á að auka nýsköpun og fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni og að efla menntun, þekkingu og menningu. Í 10. lið þingsályktunarinnar segir að auknu fé skuli varið til hverskonar menningarstarfsemi.

Til að vinna að framgangi þingsályktunarinnar á sviði menningarmála leitaði menntamálaráðherra álitis Byggðastofnunar með bréfi til forstjóra stofnunarinnar, dagsettu 18. maí 1999, á leiðum til að efla menningarstarf á landsbyggðinni, bæði atvinnustarfsemi og áhugastarf. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti „að gera með skipulögðu starfi á landsbyggðinni list og menningu að einum af grundvallarþáttum í byggðamálum. Þessi starfsemi nái til atvinnu og áhugastarfa og taki mið af ályktun Alþingis um byggðamál.“ Ennfremur að ráðinn verði sérstakur starfsmaður lista og menningar og að atvinnuþróunarfélögin gerist aðilar að þessari starfsemi með því að gera list og menningu að föstum lið í sinni starfsemi. Fullt samráð verði haft við menntamálaráðuneytið um framgang þessara mála.

Á 16. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. – 25. ágúst 1998 kom fram eftirfarandi tillaga sem samþykkt var að vísa til stjórnarinnar: „XVI. landsþingið samþykkir að fela stjórn sambandsins að taka upp viðræður við ríkisvaldið, samtök listamanna og hagsmunaaðila um það á hvern hátt megi auðvelda og fjölga heimsóknnum listamanna til einstakra byggðarlaga. Slíkar heimsóknir, í formi rithöfundakynninga, myndlistarsýninga, leiksýninga o.s.frv. auka fjölbreytni menningarlífs í landinu og styðja byggðarlögin og listamennina sjálfa.“ Á fundi formanns og framkvæmdastjóra sambandsins með menntamálaráðherra 22. desember 1999 var óskað eftir því að menntamálaráðherra skipaði samstarfshóp um eflingu menningarlífs á landsbyggðinni.

Vinnuferli samstarfshópsins

Starfshópurinn kom fyrst saman 3. mars 2000. Var strax tekin ákvörðun um að leita álit og hugmynda sem flestra sem að menningarmálum koma. Leitað var eftir skoðunum þeirra á því hvernig hægt væri að efla menningarlíf á landsbyggðinni. Sérstaklega var óskað eftir ábendingum um aukin atvinnutækifæri á þessu sviði. Bæði var leitað til þeirra sem starfa við opinberar menningarstofnanir og þeirra sem starfa í félagsamtökum. Það hefur verið ásetningur hópsins að nýta þær hugmyndir og ábendingar sem fram hafa komið frá þessum aðilum sem grundvöll að tillögugerð til stjórnvalda. Þær tillögur sem hér eru settar fram eru því ekki að öllu leyti hugmyndir starfshópsins heldur forgangsröðun og frekari úrvinnsla þeirra hugmynda sem fram komu frá þeim aðilum sem hópurinn hafði samráð við. Með skýrslunni fylgir listi yfir hugmyndir sem fram komu hjá þeim fjölmörgu sem hópurinn átti fundi með (fylgiskjal 1).

Forsendur fyrir forgangsröðun tillagna voru eftirfarandi:

- *Að framkvæmd tillögunnar verði til þess að efla það menningarstarf sem fyrir er.*
- *Að tillagan beinist að lausn á almennt viðurkenndum vanda.*
- *Að tillagan eða líkar tillögur hafi komið fram frá ýmsum aðilum.*
- *Að tillagan sé framkvæmanleg í náinni framtíð.*

Þá varð starfshópurinn einnig sammála um að setja fremur fram fáar en vel rökstuddar tillögur sem leiði til árangurs, það er, verði til eflingar menningarstarfi á landsbyggðinni í náinni framtíð. Markmið hópsins var að fá sem flesta til samvinnu og vinna að sátt um þær hugmyndir sem settar yrðu fram.

Hópurinn hélt alls 25 fundi og mættu alls á fundina 145 manns, (sjá meðfylgjandi nafnalista fylgiskjal 2). Samráðsfundir voru haldnir í Keflavík, Vestmannaeyjum, Selfossi, Höfn, Reyðarfirði, Akureyri, Blönduósi, Ísafirði og Reykholti í Borgarfirði. Vinnufundir hópsins voru auk þess í Borgarnesi, Svarfaðardal, Ölfusi, Hólum í Hjaltadal og Reykjavík. Á fundi sína kallaði hópurinn m.a. fulltrúa frá eftirtöldum samökum og stofnunum:

Bandalag íslenskra leikfélaga,
Bandalag íslenskra listamanna,
Hagstofa Íslands,
Listaháskóli Íslands,
Listahátíð í Reykjavík,
Listasafn Íslands,
Menningarsjóður félagsheimila,
Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík menningarborg Evrópu 2000,
Rithöfundasamband Íslands,
Stjórn listamannalauna,
Tónlist fyrir alla,
Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið,
Þjóðleikhúsið,
Þjóðminjasafn Íslands,
Þjóðskjalasafn Íslands.

Einnig var öllum sveitarstjórnnum í landinu sent bréf þar sem óskað var svars við eftirfarandi spurningu: Hvað er að ykkar áliti brýnast að gera til að efla menningarstarf á landsbyggðinni? Svör bárust frá 23 sveitarfélögum (sjá fylgiskjal 3).

Tillögur

Samstarfshópurinn gerir tillögur í fjórum meginmálaflokkum; stefnumótun, aðstaða, sjóðir og styrkir og fjölgun starfa. Í eftirfarandi köflum er gerð nánari grein fyrir þeim.

1. Stefnumótun

Gerð langtímaáætlana er meðal brýnustu verkefna á sviði menningarmála. Forsenda fyrir markvissu starfi er að skýr stefna sé til staðar og nægar upplýsingar um starfsemina liggja fyrir. Einungis á grundvelli stefnumörkunar er hægt að gera raunhæfar áætlanir og leggja grundvöll að traustri fjármögnun, það er: eflingu menningarstarfs til lengri tíma.

Um allt land starfa menningarstofnanir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna og þeirra bíða aðkallandi verkefni. Skráning og varðveisla menningarminja er mikilvæg undirstaða menningarstarfs og við uppbyggingu á menningartengdri ferðaþjónustu. Auk þess er skráning menningarminja ein af forsendum skipulags og stefnumótunar sveitarfélaga. Auka þarf verulega svigrúm safna á landsbyggðinni til þess að sinna þessu hlutverki. Mörg söfn hafa metnað og faglega burði til þess að taka að sér aukin verkefni en skortir rekstrarfé til þess.

Almenningsbókasöfn eru með elstu menningarstofnunum í hverju byggðarlagi, oft þær einu. Í upplýsingaþjófúfélagi hefur hlutverk almenningsbókasafnsins orðið viðtækara, safnið er leið almennings að menntun, afþreyingu og upplýsingum í viðtækum skilningi. Brýnt er að almenningsbókasöfn tileinki sér nútímataekni við upplýsingagjöf og standi þannig undir nafni sem alhliða mennta- og upplýsingamiðstöðvar í héraði.

1.1 Mótun menningarstefnu

Að menningarmálum starfa ríki, sveitarfélög, félagasamtök, stofnanir og einkaaðilar. Stefnumótun á þessu sviði kallar á samvinnu þeirra. Menningarmál eru hluti af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga og því ber þeim að móta stefnu í málaflokknum. Fjárhagslegur stuðningur ríkisins við menningarstarf er ein af forsendum þess, því er stefnumótun ríkisins í þessum málaflokki grundvallaratriði. Stefnumótun félagasamtaka og einkaaðila er einnig lykilatriði í árangursríkri uppbyggingu menningarstarfs.

- *Skorað er á þau sveitarfélög sem ekki hafa þegar kosið sérstakar menningarmálanefndir að gera svo og fela þeim að móta menningarstefnu.*
- *Á grundvelli menningarstefnu verði fjárhagsgrunnur menningarstarfs í viðkomandi sveitarfélagi tryggður, meðal annars með samningi við menntamálaráðuneyti.*
- *Lagt er til að menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Bygðastofnun standi fyrir ráðstefnu vorið 2001 um stefnumörkun í menningarmálum á landsbyggðinni.*

1.2 Samningar ríkis og sveitarfélaga

Menntamálaráðuneytið hefur lýst yfir vilja til að gera samninga við sveitarfélög um menningarmál. Samningar af þessu tagi eru ákjósanleg leið í stefnumörkun og fjármögnun menningarstarfs til lengri tíma lítið og skapa þá festu sem víða skortir til að menningarstarfið nái að eflast.

- *Hvatt er til þess að sem flest sveitarfélög hefji undirbúning að gerð samninga um menningarmál við menntamálaráðuneyti. Þar sem því verði við komið sameinist sveitarfélög um einn samning.*

1.3 Upplýsingaöflun

Mikilvægt er að afla og gera sem aðgengilegastar tölfræðilegar upplýsingar um menningarstarf í landinu. Brýnt er að samræma bókhaldslykla sveitarfélaga og gera framlög til menningarmála sýnileg í rekstri hins opinbera.

- *Hvatt er til þess að endurnýjaður verði samningur menntamálaráðuneytis og Hagstofu Íslands um að Hagstofa Íslands safni og vinni úr tölfræðiupplýsingum um menningarstarf. Leitað verði eftir samstarfi við atvinnuþróunarfélög um söfnun upplýsinga í landshlutum.*

1.4 Menningarnet

Gera þarf sérstakt átak til að virkja þróun í fjarskiptum og gagnaflutningum í þágu menningarstofnana og menningarlífs í landinu og nýta til þess þá fjármuni er ætlaðir eru til upplýsingasamfélagsins. Miðlæg skráningar- og upplýsingakerfi (t.d. Sarpur, miðlægur gagnagrunnur á minjasviði og nýtt bókasafnskerfi fyrir landið) byggjast á því að notendur á hverjum stað hafi greiðan og óhindraðan aðgang að öflugum gagnaflutningsleiðum. Jafnt aðgengi að gagnasöfnum, innlendum sem erlendum, óháð búsetu verður einnig best tryggt með þessum hætti.

Enn fremur er brýnt að þeir sem leita upplýsinga um menningarmál geti auðveldlega fundið þær. Í þessu samhengi má benda á að Menningarnet Íslands (menning.is) er vísir að slíkri upplýsingarveitu. Brýnt er að afla og gera aðgengilegar, t.d. með gagnagrunni, upplýsingar um eignarhald og ástand aðstöðu til menningarstarfs á landsbyggðinni. Slíkur gagnagrunnur nýtist m.a. við markaðssetningu menningarstarfs og vegna áætlanagerðar í menningarmálum.

- *Lagt er til að þegar verði stofnuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytis til að undirbúa tillögur að Menningarneti. Með Menningarneti er hér átt við sambærilegt net við Fjarkennslunet og Rannsóknarnet sem þegar eru í uppbyggingu. Markmið netsins yrði að tryggja óhindraðan aðgang allra safna og menningarstofnana að hraðvirkustu flutningsleiðum hverju sinni með lágmarkskostnaði.*

1.5 Þjóðmenningarstofnanir

Með þjóðmenningarstofnun er átt við stofnun sem lögum samkvæmt er

- ætlað forystuhlutverk á viðkomandi menningarsviði innanlands og að vera fulltrúi þjóðarinnar gagnvart umheiminum. Hér er átt við ráðgjöf og

rannsóknir jafnt sem framboð á listviðburðum og fræðslu. Miklar kröfur eru gerðar til þess að þessar stofnanir verði sýnilegri í þjónustu sinni við landsbyggðina og virkari í gagnkvæmu samstarfi við menningarstofnanir á landsbyggðinni.

- *Lagt er til að í árangursstjórnunarsamningum verði skýrt kveðið á um skyldur þjóðmenningarstofnana til samstarfs og þjónustu við landsbyggðina. Stofnunum á landsbyggðinni verði falin verkefni á sviði rannsókna og úrvinnslu, enda verði þessi hluti starfseminnar sýnilegur í fjárveitingum þjóðmenningarstofnananna.*

1.6 Menningarstarf fyrir ungt fólk

Framboð á menningu og afþreyingu fyrir börn og ungt fólk á stóran þátt í vali fjölskyldna um búsetu. Rannsóknir sýna að menningarstarf, sem og annað tólmundastarf, hefur forvarnagildi. Því er mikilvægt að tryggja nægjanlega fjölbreytni og stöðugt framboð menningarstarfs og listmenntunar, sem höfðar til barna og ungmenna í hverju byggðarlagi. Nauðsynlegt er að ríki, sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðilar taki höndum saman um þetta verkefni.

- *Lagt er til að auknum hluta þess fjármagns er ætlað er til forvarna verði varið til menningarstarfs ungs fólks.*
- *Skorað er á hið opinbera að auka listmenntun og listkynningar ungs fólks innan skólakerfis sem utan, í samræmi við þá stefnu sem mótuð er með nýjum námskrám í listgreinum.*
- *Hvatt er til að áhugafélög og stofnanir á sviði menningarmála sinni æskulýðsstarfi og bjóði ungt fólk sérstaklega velkomni til starfa. Menningarmálanefndir leggi sérstaka áherslu á verkefni sem höfða til og virkja ungt fólk.*
- *Skorað er á sveitarfélög að kvikmyndahúsum verði komið í rekstur þar sem það er hægt.*

1.7 Efling safna

Ljóst er að þar sem samstarf safna hefur náð að þroskast hefur það eflt starfsemi og bætt þjónustu. Með aukinni samvinnu minnkar hættan á faglegri einangrun og sérfræðipækking nýtist betur. Samstarf hefur verið innan landsfjórðunga, sérsviða safna eða á öðrum vettvangi. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun auk skyldra stofnana bera sem höfuðsöfn ákveðnar skyldur gagnvart landsbyggðinni og héraðssöfnum hvert í sinni grein. Samskipti þessara höfuðsafna og héraðssafna þarf þó að skýra nánar.

- *Litið verði á þjóðarsöfnin og héraðssöfnin í hverri grein sem eina heild og þeim gert kleift að vinna nánar saman, með það að leiðarljósi að efla daglegt starf, rannsóknir og miðlun.*
- *Lagt er til að unnið verði að nánara samstarfi safna í hverjum landshluta með það að markmiði að efla söfnin og þar með þjónustu á sviði menningar.*

1.8 Almenningsbókasöfn eru menningarmiðstöðvar

Almenningsbókasöfn skulu rekin af sveitarfélögum lögum samkvæmt. Í upplýsingaþjóðfélagi eru bókasöfnin miðstöð þekkingar, upplýsingagjafar og símenntunar auk þess að veita greiða leið að mikilvægustu afþreyingu íslensku þjóðarinnar síðan á söguöld; bóklestri. Bókasöfn eru að hasla sér völl á nýjum sviðum og með nýrri tækni til þess að sinna sífellt vaxandi þörf samfélagsins fyrir nýjar og fjölbreyttar upplýsingar. Það er mikilvægt að tryggja öllum þegnum landsins aðgengi að slíkri nútíma bókasafnsþjónustu.

- *Lagt er til að sveitarstjórnir nýti almenningsbókasöfn í auknum mæli með því að ætla þeim hlutverk við eflingu símenntunar, frístunda fyrir unga sem aldna, listkynningar og skipulagningu menningarviðburða, útgáfu og almennrar upplýsingamiðlunar fyrir heimamenn og gesti.*
- *Sérstök áhersla verði lögð á að almenningsbókasöfn hafi á að skipa sérfræðimenntuðu starfsfólki.*
- *Leitast verði við að sameina smærri söfn og auka samstarf safna til þess að auðvelda þeim að sinna lögbundnu og auknu hlutverki.*

1.9 Listasöfn

Mjög víða eru til söfn, lítil og stór, er varðveita að hluta eða í heild sýnishorn af listsköpun í viðkomandi héraði, auk tilvísunar í listasögu landsins. Þessi söfn eru mörg óskilgreind (án stofnskrár, oft með óvissu um eignarhald) og óskráð.

- *Lagt er til að listasöfn á landsbyggðinni fái fjárveitingar til skráningar, forvörslu og kynningar á listaverkæign sinni enda liggja fyrir stofnskrá viðkomandi safns sem hljóti samþykki menntamálaráðuneytis.*

2. Aðstaða

Aðstaða til æfinga og flutnings listviðburða og samkomuhalds er fyrir hendi í nær öllum sveitarfélögum landsins en mjög mismunandi að gerð og gæðum.

Lög um félagsheimili nr. 77 frá 1947 gerðu ráð fyrir að byggð yrðu samkomuhús til hverskonar menningarstarfsemi. Byggð voru yfir 200 félagsheimili sem í dag eru mörg hver komin til ára sinna og þarfnast verulegra endurbóta. Samkvæmt lögum um félagsheimili nr. 107 frá 1970 er óheimilt að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið af ríki eða sveitarfélagi án leyfis þessara aðila. Við hugsanlega ráðstöfun þessara húsa til annarra nota er mikilvægt að þess verði gætt að skerða ekki aðstöðu til menningarstarfs á viðkomandi svæði.

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum 7. janúar 1999 að fullkomin aðstaða til menningarstarfs og listviðburða, s.k. menningarhús, skyldu byggð upp á nokkrum stöðum á landinu þannig að hún yrði aðgengileg íbúum í hverjum landsfjórðungi. Sums staðar telja sveitarstjórnir brýnt að ráðist verði í byggingu fjölnota menningarhúss, aðrar telja að endurbætur húsa sem fyrir eru þjóni sama tilgangi. Enn aðrar hafa lýst þeirri skoðun að nokkrar menningarmiðstöðvar í stað eins húss muni þjóna betur þeirri menningarstarfsemi sem fram fer í landshlutanum.

2.1 Menningarhús og önnur aðstaða

Frá þeim tíma sem liðinn er frá því að ríkisstjórnin kynnti áform sín hafa verið að mótast hugmyndir manna í heimabyggðum um hvernig haga megi byggingu menningarhúsa. Samhliða uppbyggingu menningarhúsa þarf að leggja rækt við þá aðstöðu sem nú þegar er fyrir hendi til menningarstarfsemi s.s. í skólum, félagsheimilum, íþróttasölum og kirkjum.

- *Lagt er til að ákvörðun ríkisstjórnar frá 7. janúar 1999 um menningarhús verði útfærð með samningum við sveitarfélög á grundvelli mótaðra tillagna þeirra um þessa uppbyggingu.*
- *Lagt er til að samið verði um ráðstöfun, viðhald og nýtingu félagsheimila og annarrar aðstöðu til menningarstarfs á landsbyggðinni.*

3. Sjóðir og styrkir

Á undanförunum áratugum hefur verið komið upp stoðkerfi í formi ýmissa sjóða á vegum menntamálaráðuneytis. Þetta stoðkerfi hefur reynst skynsamlegur farvegur fyrir fjárveitingar til menningarmála en brýnt er að veita þangað meiri fjármunum.

Jafnan er auglýst eftir umsóknum í fjölmiðlum og á heimasíðu menntamálaráðuneytisins og fréttatilkynningar um úthlutanir eru sendar til fjölmiðla. Allir eiga þess kost að sækja um til sjóðanna samkvæmt umsóknarreglum, óháð búsetu. Á fundum starfshópsins víða um land kom þó í ljós að þekking á tilvist þessara sjóða er ekki almenn og gera þarf enn betur til að koma þessum upplýsingum á framfæri.

Starfshópurinn gerir tillögur um að í næstu framtíð verði unnið að eflingu sjóða sem fyrir eru og að ný verkefni hljóti stuðning. Hópurinn tekur undir þau sjónarmið að þörf sé á að í framtíðinni verði unnið að einföldun á þessu fyrirkomulagi.

3.1 Starfslaun listamanna

Athygli hefur vakið að afar fáum listamannalaunum er úthlutað til listamanna á landsbyggðinni. Skýringin liggur meðal annars í því að mjög fáar umsóknir berast frá listamönnum utan höfuðborgarsvæðisins. Á samráðsfundum starfshópsins um landið bar á góma hvort rétt væri að tryggja að ákveðið hlutfall listamannalauna rynni til listafólks á landsbyggðinni. Mjög skiptar skoðanir reyndust um þá hugmynd.

- *Hvatt er til að sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög leiti leiða til að fjölga starfandi listamönnum á landsbyggðinni er njóti listamannalauna.*
- *Því er beint til stjórnar listamannalauna að kynna reglur launasjóðanna sérstaklega fyrir íbúum á landsbyggðinni.*

3.2 Menningarsjóður félagsheimila

Menningarsjóður félagsheimila hefur fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir eflingu menningarstarfs á landsbyggðinni. Sjóðurinn veitir ferðastyrki til einstakra listamanna og hópa, atvinnulistamanna og áhugalistamanna. Á

síðustu árum hefur umsóknum fjölgað, m.a. vegna listkynninga í skólum og menningarstarfsemi aldraðra. Ljóst er að ásókn í sjóðinn mun aukast á næstu árum. Hlutverk hans þarf að kynna og skýra nánar með endurskoðun á reglum um starfsemi hans.

- *Því er beint til menntamálaráðuneytis að reglum um Menningarsjóð félagsheimila verði breytt, verksvið hans útvíkkað og skipun fulltrúa í stjórn breytt þannig að í stað fulltrúa frá Ungmennafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands komi fulltrúi tónlistar.*
- *Lagt er til að fé til Menningarsjóðs félagsheimila verði tvöfaldað á næstu tveimur árum þannig að sjóðurinn geti sinnt auknum verkefnum.*
- *Því er beint til stjórnar Menningarsjóðs félagsheimila að sjóðurinn verði kynntur og auglýstur sérstaklega á landsbyggðinni.*

3.3 Leiklist

Í mörg ár hefur Bandalag íslenskra leikfélaga óskað eftir að stuðningur við starf áhugaleikhópa verði störefldur. Kostnaður við að halda úti leikstarfsemi um landið hefur margfaldast og erfitt reynist fyrir mörg félög að setja upp reglubundnar leiksýningar. Undanfarin ár hafa framlög ríkisins farið stighækkandi. Þjóðleikhúsið hefur eftir föngum veitt aðstoð og þjónustu við leikstarfsemi á landsbyggðinni og ber að styðja það frumkvæði.

- *Hvatt er til að stjórnvöld haldi áfram að hækka framlög til starfsemi áhugaleikfélaga.*
- *Lagt er til að Þjóðleikhúsinu verði veitt sérstök fjárveiting til að þróa frekar samstarf og þjónustu við landsbyggðina.*

3.4 Tónlist

Á undanförunum árum hafa verið þróuð verkefni og sjóðir sem veita landsmönnum öllum betri aðgang að tónlist. Samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga; „Tónlist fyrir alla“, er mikilvægt framlag til menntunar grunnskólabarna. Verkefnið nær nú til Reykjavíkur, Reykjaness, Vesturlands og Suðurlands. Fjárveiting til Félags íslenskra tónlistarmanna hefur einnig fjölgað tækifærum byggðarlaga til að efna til tónleika með metnaðarfullri dagskrá.

Starfsemi tónlistarskóla er undirstaða blómlegs tónlistarstarfs á landsbyggðinni. Í þessu sambandi skal bent á mikilvægi þess að framhaldsnámi í tónlist, sbr. aðalnámskrá tónlistarskóla, verði tryggðar fjárveitingar.

Starfshópurinn vekur sérstaka athygli á því umfangsmikla starfi sem fram fer í kórum, hljómsveitum og öðrum tónlistarhópum í landinu. Stuðningur stjórnvalda hefur fyrst og fremst komið fram í framlögum frá Menningarsjóði félagsheimila í formi ferðastyrkja, en mikil þörf er á stuðningi við þróun og eflingu tónlistar.

Á fjárlögum er sérgreindur liður til starfsemi hljómsveita sem starfshópurinn telur rétt að taki einnig til annarra tónlistarhópa, enda verði fjárveiting hækkuð.

- *Lagt er til að verkefnið „Tónlist fyrir alla“ nái til alls landsins þegar á árinu 2001. Framlag til verkefnisins verði aukið um 2 milljónir kr. í því skyni.*
- *Hvatt er til að Félag íslenskra tónlistarmanna njóti áfram framlags úr ríkissjóði til tónleikahalds um landið.*
- *Lagt er til að fjárlagalið um starfsemi hljómsveita verði breytt í starfsemi tónlistarhópa og þeim fjármunum varið til sérstakra verkefna og þróunarstarfs með áherslu á íslenska tónlist. Úthlutunarnefnd verði skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bandalags íslenskra listamanna.*

3.5 Myndlist

Víða kom fram að myndlist er lítið sinnt. Listasöfn eru óvída opin almenningi, myndlistarskólar eru fáir og starfsaðstaða myndlistarmanna bágborin. Tilboð Listasafns Íslands um sýningar hefur reynst flestum sveitarfélögum óaðgengilegt vegna kostnaðar.

- *Lagt er til að Listasafni Íslands verði gert kleift að sinna ráðgjafarhlutverki gagnvart listasöfnum og sveitarfélögum á landsbyggðinni og lagðar þær skyldur á herðar að stuðla að samvinnu þeirra og Listasafnsins með uppsetningu og skiptum á sýningum, útvegum fræðsluefnis o.fl., enda verði tekið tillit til þess í fjárveitingum til safnsins.*
- *Lagt er til að ríki og sveitarfélög geri sérstakt átak í myndlistarmenntun á næstu árum, með undirbúningi og framkvæmd verkefnis sem kalla mætti „Myndlist fyrir alla“, sbr. „Tónlist fyrir alla“.*
- *Hvatt er til að sveitarfélög nýti sér Listskreytingasjóð til eflingar myndlist í byggðarlaginu.*

3.6 Endurbýgging gamalla húsa

Endurbótasjóður menningarbygginga og Húsafríðunarsjóður hafa í auknum mæli stutt við varðveislu gamalla húsa um landið.

- *Brýnt er að stuðningur Endurbótasjóðs menningarbygginga og Húsafríðunarsjóðs við gömul hús sem gegna hlutverki í menningarstarfi verði aukinn.*

3.7 Menningarhátíð landsbyggðarinnar

Á undanförunum árum hefur þörfin fyrir meira fjármagn til að styðja ýmiss konar menningarviðburði um allt land aukist. Þar sem ekki hefur verið sérstök fjárveiting til þessara verkefna hefur þörfinni verið mætt með því að veita fé af fjárlagaliðnum „listir, framlög“.

Fram hafa komið ýmsar tillögur um lista- og menningarhátíð landsbyggðarinnar og undir merkjum Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000 tókst farsælt samstarf við sveitarfélög um menningarverkefni. Listahátíð í Reykjavík starfar nú samkvæmt nýjum reglum sem heimila henni að efna til hátíðar á hverju ári, enn fremur að leita

samstarfs við önnur sveitarfélög en Reykjavík og skapa sér ný verkefni á sviði lista og menningar.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2001 er nýr fjárlagaliður undir heitinu Menningarhátíð landsbyggðarinnar. Eru ætlaðar 5 milljónir króna á fyrsta ári til þessa verkefnis. Starfshópurinn telur rétt að mynda sjóð um þennan fjárlagalið og að til hans renni einnig þær fjárveitingar er runnið hafa til lista- og menningarhátíða á landsbyggðinni skv. fjárlögum. Mikilvægt er að þessi fjárveiting ríkisins verði til þess að halda áfram því samstarfi höfuðborgar og annarra sveitarfélaga í landinu sem hafið var á árinu 2000. Þá telur hópurinn eðlilegt að þær hátíðir sem fengið hafa stuðning af fjárlögum um árabíl fái þær með úthlutun úr þessum sjóði. Slíkt fyrirkomulag telur starfshópurinn leiða til markvissari uppbyggingar menningarhátíða.

- *Lagt er til að fjárlagaliðurinn Menningarhátíð landsbyggðarinnar hækki þegar á fjárlögum 2001 og síðan í áföngum.*
- *Óskað verði eftir því við Listahátíð í Reykjavík að hún taki þátt í uppbyggingu menningar- og listahátíða um allt land, kynningu þeirra og markaðssetningu.*
- *Hvatt er til að höfuðborgin taki þátt í þessari uppbyggingu á landsbyggðinni m.a. með fjárhagslegum stuðningi.*
- *Lagt er til að framlög á fjárlögum 2001 til Menningarhátíðar landsbyggðarinnar renni í sérstakan sjóð og að reglur um þennan sjóð verði settar hið fyrsta. Í stjórn sjóðsins sætu fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Listahátíð í Reykjavík og menntamálaráðuneyti.*
- *Tryggt verði að fjárveitingar sem gert hefur verið ráð fyrir af fjárlögum til lista og menningarhátíða á landsbyggðinni renni óskertar inn í þennan sjóð en verði ekki til að takmarka fé til hans.*

3.8 Nýsköpunarsjóður listamanna

Í viðræðum samstarfshópsins við fulltrúa menningarlífs á landsbyggðinni sem og fulltrúa listamanna kom fram að listsköpun listamanna byggist í æ ríkara mæli á borgarsamfélaginu. Þeirri hugmynd var varpað fram að settur verði á stofn sérstakur sjóður sem ætlaður verði til menningarverkefna listamanna úti um land s.s. listsköpunar, listmenntunar og menningarstarfs í samvinnu við sveitarfélög. Með störfum listafólks að verkefnum í sveitarfélögum er verið að efla nýsköpun og fjölbreytni atvinnulífs, sbr. 1. lið þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001.

- *Lagt er til að stofnaður verði sérstakur verkefnasjóður sem veiti launastyrki til samstarfsverkefna á landsbyggðinni, milli sveitarfélaga og listafólks. Til reynslu tryggi ríkið 10 árslaun sambærileg og listamannaalaun en sveitarfélög leggi til íbúðar- og vinnuáðstöðu. Starfsalaunin verði minnst veitt til 6 mánaða en áhersla lögð á eins árs launastyrki. Stjórn sjóðsins verði skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bandalags íslenskra listamanna.*

3.9 Þróunarsjóður bókasafna

Almenningsbókasöfn takast á við æ víðtækara svið og aukna þjónustu, sérstaklega við námsfólk. Framundan eru miklar breytingar vegna tilkomu sameiginlegs bókasafnskerfis og er ljóst að víða þarf að vinna mikið undirbúningsstarf vegna þeirra breytinga.

- *Lagt er til að Þróunarsjóði bókasafna verði komið á með 8 milljóna króna fjárframlagi úr ríkissjóði árið 2002. Hann taki við hlutverki „Átaks í upplýsingatækni til bókasafna“. Honum verði ætlað að auðvelda bókasöfnum að tileinka sér nýjungar í upplýsingatækni. Sjóðurinn líti stjórn ráðgjafarnefndar um almenningsbókasöfn.*

3.10 Aðrir sjóðir í stoðkerfi atvinnuveganna

Samstarfshópurinn leggur áherslu á að stuðningur sjóða sem starfandi eru í landinu og ætlað er að stuðla að atvinnuuppbyggingu komi menningarstarfsemi til góða. Slíkt skiptir ekki síst landsbyggðina máli, þar sem þar eru víða skilyrði til átaks í atvinnusköpun á þessu sviði. Er þar einkum átt við verkefni á sviði menningararfsins sem brýnt er vinna að. Þar þurfa margir aðilar að vinna saman, bæði fyrirtæki sem og stofnanir og sjóðir á vegum hins opinbera.

- *Hvatt er til að stofnanir í stoðkerfi atvinnuveganna s.s. Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins styðji uppbyggingu menningartengdrar atvinnustarfsemi, með styrkjum, lánum og rekstrar- og atvinnuráðgjöf til aðila er stunda starfsemi á sviði menningarmála.*

3.11 Máttarstólpar

Samstarf „Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000“ við nokkur af öflugustu fyrirtækjum landsins sem nefnt var „Máttarstólpar menningarborgarinnar“, vakti eftirtekt. Að leiðarljósi höfðu fyrirtækin að verkefnið væri vel undirbúið og undir styrkri faglegri stjórn þar sem allt kapp væri lagt á að tryggja gæði menningarviðburðanna. Starfshópurinn leggur áherslu á að fyrirtæki taki áfram virkan þátt í uppbyggingu menningarlífs í landinu og verði Máttarstólpar menningarlífsins á Íslandi til framtíðar.

- *Hvatt er til að haldið verði áfram að þróa þetta í samvinnu við fyrirtæki þannig að tryggt verði að þau verkefni sem þau veiti fjármunum til séu faglega unnin og þjóni öllu landinu.*

4. Fjölguun starfa

Samkvæmt þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001 6. lið, skal fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, m.a. með að nýta upplýsingatæknina. Á sviði menningarmála eru mörg tækifæri og brýn þörf á að vinna að þessu markmiði byggðastefnunnar. Nauðsynlegt er því í þessu skyni að fjölga starfsmönnum í menningarstofnunum á landsbyggðinni vegna aðkallandi verkefna við varðveislu menningararfs og uppbyggingu menningarstarfsemi, þörf fyrir upplýsingar og fræðslu m.a. vegna ferðaþjónustu. Starfshópurinn bendir á ákvæði skipulagslaga um að

aðalskipulagi sveitarfélaga skuli lokið árið 2007, en til þess að markmiði þeirra laga verði náð þarf að ljúka fornleifaskráningu fyrir allt landið.

Íslendingar eiga mikið verk óunnið við að gera menningararf sinn aðgengilegan í heimi upplýsingatækninnar. Verkefni á þessu sviði eru sérlega heppileg til fjarvinnslu, en fjarvinnsla er einmitt ein þeirra leiða er bent hefur verið á í nýsköpun atvinnutækifæra á landsbyggðinni.

Auk þeirra starfa sem eðlilegt er að kostuð séu af ríkissjóði er mikilvægt að sveitarfélög ráði starfsfólk á sviði menningarmála. Stór hluti menningarstarfsemi á landsbyggðinni er borinn uppi af áhugafólki sem þarf að sinna öllu í senn: listsköpun, kynningu, fjármögnun og skipulagningu menningarviðburða. Til þess að hið mikilvæga framlag áhugafólks nýtist sem best þurfa sveitarfélög að styðja það.

4.1 Skráning og gagnavinnsla

Mörg verkefni eru óunnin við að skrásetja gögn með rafrænum hætti á minjasviði. Má því ljóst vera að þarna liggur beint við að gera átak til eflingar minjavörslu og fjarvinnslu í senn. Stofnanir s.s. Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, Örnefnastofnun og fleiri aðilar sem áhuga hafa sýnt á að efla þennan þátt í starfsemi sinni þurfa fé til slíkra verkefna.

- *Tryggja þarf fjárveitingar til stofnana til þess að kaupa vinnu við skráningu og gagnavinnslu á landsbyggðinni.*

4.2 Menningarfulltrúar og menningarmiðstöðvar

Menningarfulltrúar sveitarfélaga og starfsmenn menningarmiðstöðva og fræðasetra hafa mikilvægu hlutverki að gegna sem bakhjarl menningarstarfs í skipulagningu, kynningu og fjármögnun menningarverkefna. Þar sem stofnað hefur verið til starfa menningarfulltrúa eða starfsfólki menningarmiðstöðva falin verkefni af þessu tagi, hefur slík skipan þótt takast vel.

- *Lagt er til að sveitarfélög ráði menningarfulltrúa til starfa sem bakhjarl menningarstarfs í viðkomandi sveitarfélagi, eða þar sem betur hentar að sveitarfélög sameinist um slíkan starfsmann.*
- *Lagt er til að í samningum ríkis og sveitarfélaga verði gert ráð fyrir starfsemi menningarmiðstöðva og þjónustu þeirra.*

4.3 Bæjarlistamenn

Með starfi bæjarlistamanns gefst tækifæri til að viðurkenna framlag listamanna í heimabyggð til menningarlífsins og jafnframt að veita listafólki hvatningu og tækifæri til að keppa á víðari vettvangi s.s. um launastyrki listamanna.

- *Hvatt er til að fleiri sveitarfélög taki upp stöður bæjarlistamanna sem viðurkenningu fyrir störf á sviði listgreina.*

4.4 Listmenntun

Efling menningarstarfs og auknar kröfur um gæði menningarviðburða kalla á meiri listmenntun. Framkvæmd aðalnámskrár í listgreinum leiðir af sér að fjölga þarf listgreinakennurum. Á fundum starfshópsins komu fram hugmyndir um að listaskólar s.s. tónlistarskólar, dansskólar og myndlistarskólar verði eflir.

- *Lagt er til að í þjónustusamningi við Listaháskóla Íslands verði sérstaklega gert ráð fyrir fjárveitingu og skyldum til að veita þjónustu við landsbyggðina á sviði listmenntunar, listfræða og kennaramenntunar.*
- *Hvatt er til að sveitarfélög auki kennslu í listgreinum innan grunnskólans og styðji við listaskóla og listnámskeið.*
- *Því er beint til tónlistarskóla og sveitarfélaga að kanna hvort kennsla í fleiri listgreinum geti átt heima í útvíkkaðri starfsemi tónlistskóla.*

4.5 Byggðasöfn og héraðsskjalasöfn

Í lögum um Þjóðminjasafn Íslands er kveðið á um launastyrki til byggða- og minjasafna sem að uppfylli ákveðin skilyrði. Gera verður ráð fyrir að þeim söfnum fjölgi á næstu árum. Launastyrkir eru grundvöllur langtímastefnumörkunar fyrir söfnin og því forgangsatríði að auka fjármagn til þessa liðar.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur nú ákveðna fjárveitingu á fjárlögum til að styrkja héraðsskjalasöfn en nauðsynlegt er að kveða nánar á um þessar fjárveitingar. Þar kemur helst til greina að taka upp svipað fyrirkomulag og launastyrki Þjóðminjasafns til minjasafna.

Komi til þess að stofnaður verði Safnasjóður sem ætlað er það hlutverk að styrkja starfsemi þeirra safna er varðveita menningarsögulegar minjar, eins og hugmyndir eru um, er nauðsynlegt að sjóðnum verði tryggt nægilegt fjármagn til að standa undir launa- og verkefnastyrkjum fyrir minjasöfn.

- *Lagt er til að fjárveiting Þjóðminjasafns til launastyrkja verði aukin til að uppfylla lagaskyldur og vaxandi þörf.*
- *Þjóðskjalasafn fái samskonar fjárveitingu til launastyrkja til þess að tryggja langtímafjármögnun starfs að uppbyggingu skjalavörslunnar í landinu.*

4.6 Menningartengd ferðapjónusta

Efling safna og annarrar menningarstarfsemi á landsbyggðinni með áherslu á skráningu menningarminja og rannsóknir á sögu hvers byggðarlags er forsenda uppbyggingar í menningartengdri ferðapjónustu. Ljóst er að ferðamenn gera sér væntingar um að kynnast sögu og menningu þjóðarinnar og einstakra byggðarlaga nánar en raunin verður.

- *Lagt er til að veittir verði sérstakir verkefnastyrkir til að gera söguna aðgengilegri fyrir heimamenn og ferðafólk.*
- *Ráðgjöf um menningararf og kynningu hans standi til boða þeim aðilum sem hyggja á uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu.*

- *Hvatt er til þess að þegar veittir eru opinberir styrkir til menningarmála verði haft í huga að sem mest af menningarefni verði gert aðgengilegt ferðafólki þar sem það á við.*
- *Stuðlað verði að því að sérstök viðurkenning verði veitt þeim stofnunum og öðrum viðkomustöðum sem veiti aðgang að þjóðararfi og menningu Íslendinga á faglegan og fullnægjandi hátt.*
- *Hvatt er til að söfn og fræðasetur sem vinna að kynningu á sérstöðu í menningu og náttúruferðum landsins og eintakra byggðarlaga hljóti sérstakan stuðning.*

Menningarmál á landsbyggðinni

Starfshópurinn tók saman allar tillögur, sem fram komu á fundum og í skriflegum svörum sem hópnum bárust. Þessar tillögur voru skoðaðar og hópurinn tók saman í flokka þau atriði sem þar komu fram. Við úrvinnslu og túlkun á þessum atriðum er rétt að draga fram að í þessu ferli komu fram bæði upplýsingar um neikvæðar og jákvæðar hliðar menningarstarfs á landsbyggðinni.

Í þessum kafla eru tekin dæmi og tilvitnanir frá samráðsfundum til þess að gefa fyllri mynd af túlkun starfshópsins á stöðu mála. Sú túlkun er grundvöllur tillögugerðar okkar.

Samvinna

Lítill samvinna og skortur á samstöðu er víða til vandræða. Fundir okkar leiddu oft saman hóp sem vinnur að menningarmálum á ákveðnu svæði, en var þarna jafnvel að hittast í fyrsta sinn. Sambandsleysið gat verið af ýmsum toga, t.d. milli stofnana, milli atvinnu- og áhugafólks, milli sveitarstjórnarfólks og menningargeirans. Athugasemdir á borð við þessar; „Við stöndum ekki saman, við tökum ekki tillit til hvers annars í starfinu“ og „Hér er alltof mikill hrepparígur“ komu fram á samráðsfundum okkar. Þegar starfshópurinn íhugaði þessar athugasemdir þótti okkur ljóst að svipaðar ábendingar komu frá viðmælendum í Reykjavík, fulltrúum listafólks og þjóðmenningarstofnana - bæði viðmælendur á landsbyggðinni og í höfuðborginni bentu á að samstöðuleysi og skortur á samvinnu um menningarmál á landsvísu væri vandamál.

Á hitt er að líta, að við þessar aðstæður, þar sem traust samband og samvinna er ekki almenn, gætir nokkurrar varúðar gagnvart hugsanlegum samstarfsaðilum. Við hugmyndir um samvinnu getur komið upp ótti um að tapa því sem fólk hefur. Jafnvel getur verið um rötgróna fordóma að ræða milli aðila sem hafa lengi litið svo á að hagsmunir þeirra færu ekki saman: „Það er ekki bara fordómar Reykjavík/Landsbyggð, enn verra er innbyrðis óeining þar sem hver níðir skóinn af öðrum – ef það kemur ekki til mín þá skal ég sko sjá til þess að það komi ekki til þín“ er ef til vill kjarnyrtaasta lýsingin sem við heyrðum á þessu vandamáli. En þetta snýst þó ekki bara um fordóma, það eru raunveruleg skipulagsatriði sem þarf að huga að. „Hvernig förum við þá að því að byggja upp formlegt og varanlegt samstarf á landsbyggðinni?“ Það liggur ekki alltaf ljóst fyrir hver ætti að hafa frumkvæði og forgöngu um uppbyggingu samstarfsins. Einnig var á það bent að vegna sambandsleysis væri hætt á tvíverknaði, eða eins og einn fundargestur sagði: „Það er í gangi uppfinning hjólsins; þegar koma ný verkefni er of oft farið í að mynda nýtt apparat í stað þess að fela þeim sem fyrir eru aukin verkefni og efla þau þannig“. Þessi athugasemd og fleiri skyldar styrktu þá skoðun hópsins að mikilvægt væri að tillögur hans miðuðu að því að styrkja þá uppbyggingu sem þegar er fyrir hendi.

Ýmis dæmi komu fram um ágæti þess þegar samvinna hefur myndast, bæði um einstök verkefni og rekstur stofnana. Til dæmis má nefna sýslusamlög og héraðssamlög sem standa að söfnum og samstöðu sveitarfélaga um nýrri verkefni s.s. fræðasetur og kynningu menningarminja s.s. Njáluslóð og fræðasetur í Reykholti. Einnig kom fram að samstarf stofnana og sameiginlegur vinnustaður starfsmanna hefur myndað nýjan vaxtarbrodd. Samstarf stofnana og félaga á svæðisvísu s.s. samstarf bókasafna, sambönd kóra og leikfélaga standa í sumum landshlutum á gömlum merg.

Víða kom fram að samstarf sveitarfélaga og „Reykjavíkur Menningarborgar Evrópu árið 2000“ hefði verið framfaraskref og áhugi reyndist víða á því að byggja frekar á þeim grunni. Einn fundarmanna sem hafði tekið þátt í mótun slíks samstarfsverkefnis lagði sérstaka áherslu á að fylgt væri eftir þeim hugmyndum sem fram hafa komið um lista- eða menningarhátíð landsbyggðar og orðaði reynslu sína þannig: „Það kom mjög lítið af peningum í verkefnið okkar. En hinsvegar var ákveðin samræming og auglýsing sem skiptir mjög miklu. Oft erum við að sækja stuðning til fyrirtækja hér, en þá eru höfuðstöðvarnar í Reykjavík – en með sjóði s.s. Listahátíð Íslands væri hægt að tryggja máttarstólpa“.

Samstarf stofnana í sveitarfélagi eða á landssvæði s.s. almenningabókasafns og símenntunarmiðstöðvar þar sem það hefur tekist, s.s. á Reykjanesi hefur verið báðum aðilum styrkur. Með slíku samstarfi er girt fyrir vanda sem einn fundargestur úr hópi starfsmanna menningarstofnana lýsti á þennan hátt: „Það háir okkur mjög hvað við erum fá og dreifð, einn starfsmaður kannski í 50% starfi og einingarnar alltof smáar. Það þarf að búa til vinnustaði í menningarmálum“.

Menningarstofnanir

Einn flötur samstarfs sem mikið var til umræðu voru tengsl þjóðmenningarstofnana og landsbyggðar. Viðmælendur okkar voru nær undantekningarlaust þeirrar skoðunar að þjóðmenningarstofnanir hefðu og ættu að hafa aukið hlutverk bæði í þjónustu og samstarfi við landsbyggðina. Eða eins og einn forsvarsmáður stofnunar benti á: „Þjónusta við landsbyggðina leiðir af eðlilegum faglegum metnaði“. Það er þó ljóst að fleira þarf til en faglegan metnað í samstarfi þjóðmenningarstofnana og landsbyggðar. Víða var talað um góða aðsókn að sýningum Þjóðleikhúss þegar þær bjóðast, en jafnframt bent á að gjarnan væri samband milli öflugs leikstarfs heimamanna og áhuga á sýningum annarra leikhópa. Það var einnig víða talið mikilvægt að fá sýningar frá þjóðmenningarstofnunum, bæði listsýningar og sögusýningar.

Tilraunir þjóðmenningarstofnananna til að bjóða þjónustu sína höfðu þó ekki allar mælst jafnvel fyrir, t.d. tilboð Listasafns Íslands um sýningar. Eftirfarandi tilvitnun lýsir þessu í hnotskurn: „Afar mikilvægt tilboð frá Listasafninu en kostnaðurinn var okkur ofvíða, því það bætist við kostnaður á sýningarstað sem ekki kemur fram í dæminu“. Einnig var kallað eftir meiri stuðningi frá Listasafni Íslands við uppbyggingu listasafna, forvörslu og skráningu auk eflingar listmenntunar með safnfræðslu. Ljóst er að ákvæði í núgildandi lögum um safnið eru ekki nægilega skýr hvað varðar skyldur þess gagnvart landsbyggðinni. Almenn samstaða var um aukið samstarf Þjóðminja- og Þjóðskjalasafns við systurstofnanir sínar; minja- og skjalasöfn. Á starfssviði þessara aðila eru aðkallandi verkefni og þegar fyrir hendi rammi sem styðjast má við í uppbyggingunni, þ.e. stofnanir á landsbyggðinni sem hægt er að efla. Einnig kom fram að Þjóðleikhúsið hefur mikilvægu hlutverki að gegna gagnvart áhuga og atvinnustarfi á landsbyggðinni sem brýnt er að skapa betri aðstæður fyrir.

Ákveðin verkefni s.s. „Tónlist fyrir alla“ höfðu hinsvegar vakið athygli og jákvæð viðbrögð, m.a. vegna náins samstarfs við heimamenn um framkvæmd þess. Víðast komu fram efasemdir um einhliða menningarmiðlun til landsbyggðar. „Vafasamt að senda menninguna úr höfuðborginni út á land. Það er ekki garanterað að fólk mæti“. Á það var

bent að menningarstofnanir á landsbyggðinni eru einnig að skapa menningarverðmæti sem þarf að miðla.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að þeir viðmælendur frá samtökum listamanna og þjóðmenningarstofnana sem við ræddum við höfðu allir áhuga, og sumir mótaðar hugmyndir um aukið samstarf við aðila á landsbyggðinni. Á vegum Þjóðleikhúss, Þjóðminjasafns og Þjóðskjalasafns er þegar samstarf fyrir hendi við menningarstarfsemi á landsbyggðinni og áhugi fyrir frekari eflingu þess. Bandalag íslenskra listamanna, Rithöfundasambandið og Bandalag íslenskra leikfélaga virðast öll tilbúin að vinna að eflingu menningarstarfs á landsbyggðinni en nauðsynlegt er að virkja þessa aðila í umræðu við heimamenn til áframhaldandi stefnumótunar á þessu sviði.

Samvinna aðila byggir einnig á skýrri vitund um eigið hlutverk og sérstöðu. Oft var minnst á það á fundum hve mikilvægt er fyrir svæði að skilgreina og vinna með menningarlega sérstöðu sína. „Við verðum að viðurkenna sérstöðu hvers annars“. Bent var á nauðsyn samstarfs menningarstofnana og fræðasetra við þessa vinnu. „Við verðum að styrkja ræturnar heimafyrir til að öðlast sjálfstraust og fá tilfinningu fyrir því að við höfum eitthvað að segja í hinu stærra samhengi, eða þess vegna í „heimsþorpinu““ var ábending sem kom frá Bandalagi íslenskra listamanna og dregur saman margt af því sem um þetta atriði var rætt.

Samgöngur

Samgöngur reyndust á ákveðnum landssvæðum vera einn helsti veikleiki og ógnun við eflingu menningarstarfs. Samgöngur skipta svæðum og geta staðið samstarfi fyrir þrifum þótt aðrar aðstæður s.s. vilji heimamanna séu fyrir hendi. Vegalengdir og samgönguvandi gera aðsókn og aðfengna listviðburði dýra og erfiða. „Það er mjög dýrt að fá listamann í stutta heimsókn“ var ábending sem varð okkur til umhugsunar. Það kom einnig fram að hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila við að mæta ferða- og flutningskostnaði listafólks hefur reynst mjög mikilvægt sem aðgerð til að mæta þessum vanda.

Bent var á að samgöngubætur hafa gert auðveldara fyrir fólk að vinna saman á stærri svæðum. Einnig virkar sameining sveitarfélaga hvetjandi í þessa átt. Þannig er að sjálfsögðu samhengi milli uppbyggingar í menningarmálum og annarrar uppbyggingar og stefnumótunar á landsbyggðinni. „Menning byggir á að atvinnulífið og lífskjör almennt séu með eðlilegum hætti. Þar skipta samgöngur miklu máli“ var ábending sem fram kom á fundi í Reykholti og víðar voru slíkar hugmyndir settar fram.

Þótt minna væri um það rætt kom einnig fram að góðar samgöngur geta verið tvíeggja sverð; „Fólk sækir menningarviðburði fremur til höfuðborgar en heimafyrir“. Víða, en sérstaklega á Norðurlandi kom fram að fólk sækir leiksýningar til atvinnuleikhúsa í Reykjavík og Akureyri. Í nágrenni Reykjavíkur var gjarna bent á samsömun svæðisins við höfuðborgarsvæði í menningarmálum, oft upphaflega sem ógnun við menningarstarf heimafyrir en oftast en ekki spunnust þó umræður um að þar sem aðstæður væru góðar samgöngulega séð gæti það verið sóknarfæri í markaðssetningu menningarviðburða fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Menningartengd ferðaþjónusta er ekki endilega þjónusta við erlent ferðafólk.

Í samfélagi nútímans eru nýjar samgönguæðar, gagnaflutningsleiðir, sem skipta sköpum um framtíð byggðarlaga í upplýsingasamfélaginu. Í starfi

Þessa hóps, sem og annarra sem fjalla um málefni landsbyggðar, kom oft fram þörfin fyrir aukið og bætt aðgengi að gagnaflutningsleiðum. Þrátt fyrir opinbera stefnu er enn „Langur vegur frá stefnumótun í upplýsingatækni til veruleikans í söfnunum á landsbyggðinni“, svo dæmi sé tekið um ábendingar um nauðsyn hraðari uppbyggingar á þessu sviði. Í svari frá fámennu og landfræðilega afskekktu sveitarfélagi var látin í ljós von um að með betra aðgengi að neti og símkerfi mynduðust tækifæri á sviði menningar og menntunar.

Myndlist

Meðal viðmælenda starfshópsins komu greinilega fram áhyggjur af veikri stöðu myndlistar í menningarlífi á landsbyggðinni. Það var nefnt að víða væri pottur brotinn í myndlistarmenntun á landsbyggðinni: „Við höfum ekki menntaða kennara og kennslu í myndlist og ekki heldur margt menntað listafólk starfandi hér“. Í samanburði við tónlistarmenntun er ljóst að mikið verk er óunnið á sviði myndlistarmenntunar, óvíða eru starfandi myndlistarskólar og stuðningur við þennan þátt listkennslu er ekki skipulegur. Myndlistarfólk á landsbyggðinni vakti einnig athygli á stöðu sinni: „Oft er dregin upp sú mynd af myndlist á landsbyggðinni að þar sé bara áhugafólk að verki“. Einnig töldu sumir ofmælt að vinnuaðstaða væri aðgengileg á landsbyggðinni og sannarlega væri markaðurinn fyrir listaverk helst þar sem fólk er flest. Þó eru dæmi um markvissa uppbyggingu á sýningum og fræðslu um myndlist s.s. Listasafnið á Akureyri, Skaftfell menningarmiðstöð á Seyðisfirði og myndlistarfélagið Slunkaríki, sem stendur undir sér með styrk bæjarfélags og erlendum styrkjum.

Ekki er ótvírætt kveðið á um það í lögum um Listasafn Íslands að það eigi að þjóna landsbyggðinni. Að því leyti sker stofnunin sig úr hópi þjóðmenningarstofnana. Skráning, forvarsla og kynning á listaverkaeign sveitarfélaga t.d. með eflingu listasafna þeirra var nefnt víða sem mikilvægt verkefni. Fram kom í viðræðum við forstöðumann Listasafn Íslands að ekki er til fræðilegt yfirlit um myndlist í opinberri eigu á landsbyggðinni. Starfshópurinn vill í þessu sambandi vekja athygli á að rannsóknir á sviði listfræða á Íslandi þarf að stórefla.

Listmenntun og menningarstarf ungs fólks

Mikilvægi listmenntunar var oft til umræðu og bent var á að árangur af starfi tónlistarskólanna skilar sér í öflugum tónlistarlífi. Þeirri hugmynd var til dæmis varpað fram hvort ætla mætti tónskólum aukið hlutverk sem lista- og menningarskólar. Einnig var nefndur sá möguleiki að efna til hliðstæðs verkefnis við Tónlist fyrir alla – Myndlist fyrir alla. Víða komu fram hugmyndir um að fá listafólk meira inni skólastarf með listkynningar og verkefnavinnu með nemendum.

Listgreinarnar sitja á hakanum í almenna skólakerfinu að mati margra er tóku til máls á fundum starfshópsins. Í aðalnámskrá grunnskóla í listum eru sett markmið í listgreinum, einnig greinum sem ekki hafa verið í námskrá s.s. leiklist og dans, en margir töldu að ekki væri lögð næg áhersla á að manna stöður listgreinakennara í skólum. Á það var bent að í nýju námskránum er aukið áhersla á sögu og listrýni, sem gerir auknar kröfur um fræðslu á þessu sviði. Listasafn Íslands býður skólaskrifstofum fræðslu og kennslu um safnfræðslu, en einmitt komu fram ábendingar um að auka þyrfti safnfræðslu.

Menningarstarfsemi ungs fólks var mörgum viðmælendum hugleikið. Þar kom m.a. fram að „nær allt samstarf fer fram í Reykjavík – unglingshljómsveitir þurfa að kosta sig sjálfar á tónleika/keppnir“. Í viðræðum hópsins við starfsmenn æskulýðs- og íþróttamála hjá menntamálaráðuneytinu var lögð mikil áhersla á að forvarnagildi menningarstarfs þyrfti aukinnar viðurkenningar við. Þær áherslur komu einnig fram hjá mörgum sem tekið hafa þátt í starfi áhugaleikhópa, að í leiklistarstarfinu gefist ungmönnum tækifæri til að starfa við hlið fullorðinna í skapandi starfi og að leikfélögin finni til ábyrgðar í þessu sambandi með mótaðri stefnu í æskulýðsstarfi.

Fjölgun starfa

Ein helsta niðurstaða þeirrar umræðu sem starfshópurinn hefur tekið þátt í undanfarna mánuði er að á landsbyggðinni eru aðstæður víðast eins og hér er lýst: „Of fáir einstaklingar bera allt starfið uppi, það þarf framkvæmdastjóra“, „tímaleysi – menn eru í öllu“, „fólk kiknar“, þ.e. áhuginn fleytir verkefnum aðeins um stundarsakir, „það klikkar í þriðja sinnið“. Hér kemur til byggðaröskun: „Ef einhverjir fara burtu þá hrynur allt“. „Við verðum að gæta okkar að leggja ekki of mikið á of fáa, því þá hrynur allt. Þegar það hrynur förum við niður fyrir 0 markið og þá er svo erfitt að byggja upp aftur“, víða hefur fólkinu fækkað þó verkefni séu þau sömu, en ekki síður breytt viðhorf til áhugastarfs og vaxandi kröfur um gæði afþreyingar og menningar sem æ færri einstaklingar þurfa að standa undir. „Erum við nógu mörg til að vera bæði neytendur og iðkendur“ er spurning sem varpað var fram og lýsir þessu. Svarið við þeirri spurningu má þó lesa úr umræðunni í heild – fólk vill vera bæði iðkendur og neytendur og á landsbyggðinni er tækifæri til þess, tækifæri sem hægt er að nýta enn frekar.

Það vantar fólk – listafólk t.d. vegna vinabæjarsamskipta, kom fram í einu sveitarfélagi „Þetta er áhugafólk sem fær lítinn stuðning og gefst upp“. Stuðningurinn sem kallað er eftir er ekki eingöngu fjárhagslegur heldur var oft rætt um að sú trygging sem felst í að sveitarfélag standi við bakið á menningarstarfsemi með starfsmanni sem ber ábyrgð á þessu sviði sé mikilvæg: „Sveitarfélög hafa íþróttfulltrúa – af hverju ekki menningarfulltrúa?“. Ráðning verkefna/framkvæmdastjóra fyrir menningarviðburði í sveitarfélögum og menningarfulltrúa voru leiðir sem oft voru nefndar. Um hlutverk slíkra starfsmanna var sagt „það er einhver sem er sameiningartákn og heldur utan um hlutina, starfar að markaðssetningu og undirbúningi styrkumsókna ofl.“.

Atvinnufólk í listum hefur áhrif til eflingar áhugastarfsins sbr. áhrif Leikfélags Akureyrar, Morranns á Ísafirði og Óperustúdíó Austurlands. Hæfir einstaklingar ná að virkja fólk með sér bæði til listflutnings og almenns áhuga á menningu og sögu viðkomandi staðar. Það kom fram sú athyglisverða ábending að „Heimamarkaðurinn í menningarmálum breytist þegar verkefni koma heim“ í því samhengi að menningarverkefni smita út frá sér, hafa margfeldis og nýsköpunaráhrif. Varðveisla og kynning menningarminja gefur landsbyggðinni til dæmis tækifæri í menningartengdri ferðaþjónustu. Listviðburðir geta einnig haft líkt aðdráttarafl.

Ljóst var af umræðunni að þó áhugastarfið sé lífæð menningarlífs á landsbyggðinni er til staðar „mýtan um að listafólk vinni bara af áhuga og að allt menningarstarf á landsbyggðinni sé unnið af áhugafólki“, en þessi staðalmynd stendur þróunarstarfi fyrir þrifum. Almenn samstaða var um að

Það vantar fleira lista- og fræðifólk til starfa vegna aðkallandi verkefna. Starfsumhverfi listafólks getur verið erfitt á landsbyggðinni – „fyrir nokkrum árum hefðir þú verið álitinn letingi að sitja við að skrifa bók í bullandi fiski“. Greinilegt í dreifingu atvinnulistamanna að Reykjavík hefur vinninginn hvað búsetu listafólks varðar. Listafólk getur einangrast faglega með því að velja búsetu fjarri þeim stöðum er flest starfssystkin þess búa: „Þeir sem búa úti á landi segja að þeir standi utan við ákveðna hringiðu, þekkest ekki“. Innan við 10% umsækjenda um starfslaun listamanna eru búsettir á landsbyggðinni, sem bendir til þess að þarna sé vandi á höndum. „Duglegustu nemendurnir mínir eru allir fluttir burt og starfa við tónlist fyrir sunnan“. Bent var á að búsetumynstur listafólks sé afleiðing af búsetumynstri almennt, þannig að hér eru engar einfaldar lausnir í boði fremur en í byggðamálum yfirleitt.

Fjárskortur

Eitt helsta áhyggjumál viðmælenda okkar var fjárskortur. Í umfjöllun um aðra málaflokka hafa komið fram ákveðnar orsakir s.s. kostnaður vegna samgangna og vegalengda, skort á samstöðu og langtímastefnumótun. „Fólk leggur ekki í metnaðarfull verkefni sem eru dýr og til langs tíma – etv. vegna óöryggis um stuðning“. Á það var bent að sveitarfélög hafa mjög víðtækt og fjárfrekt verksvið: „En þegar komið er að menningarmálum stoppa sveitarstjórnir eðlilega við því verkefni þeirra eru svo mörg og aðkallandi en fjármagnið svo lítið – hvar sparar maður við sig? Í menningarmálum, jafnt fjölskyldur sem sveitarfélög“. Fólksfækkun leiðir til minnkandi aðsóknar sem þýðir minni tekjur fyrir menningarstarfið.

Aðrar leiðir í fjármögnun en að sækja styrki til sveitarfélaga höfðu reynst nokkuð torsóttar. Víða hafa orðið mikil umskipti í eignarhaldi fyrirtækja sem hafa kippt burt rótgrónum kostunaraðilum: „Það er erfitt að fá kostunaraðila þegar stóru fyrirtækin leggjast af eða eignarhald flyst annað“. Oft var talað um „að þurfa að betla peninga“, „ef orkan fer öll í að kroppa pening þá gengur þetta ekki“, orðalag slíkra athugasemda er lýsandi um óöryggi fjármögnunarinnar, lágar upphæðir og mikla fyrirhöfn við að afla þeirra. Auk þess skín út úr slíkri umræðu sú afstaða að menningarstarf eigi ekki með réttu tilkall til styrkja. Um þetta kom fram lýsandi athugasemd: „Meðvitund um fjármögnunarleiðir er ekki næg, að fólk í menningarstarfi líti á þetta sem sína möguleika – ekki bara annarra“.

Framlög ríkisins í formi styrkja eru mjög mikilvæg en þau þarf að auka. Lækkun launastyrks frá Þjóðminjasafni getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir safnastarf á viðkomandi svæði. Eins er ákveðinn vaxtarbroddur í hættu með því að einkasafn nær ekki viðurkenningu frá Þjóðminjaráði þar sem byggðasafn er fyrir á svæðinu. Víða kom fram að styrkur BÍL til áhugaleikfélaga dugir ekki fyrir leikstjóra lengur enda var bent á að „Ástæða þess að starfsemi leikfélags leggst niður er no. 1 fjárskortur“.

Minjar og saga

Víða kom fram að það er mjög aðkallandi að gera átak í verndun menningarminja, kynningu þeirra og aðgengi almennings að þeim. „Upplýsingar um þjóðhætti að týnast á næstu 10 árum – s.s. gönguleiðir, vinnubrögð – ef landsbyggðarmenningin hverfur þá hefur Reykjavík ekki mikið bakland og við verðum bara alþjóðleg“.

Það kom víða fram sterkur vilji til að fræða- og liststarfsemi þurfi að efla á heimaslóð, sköpun menningarverðmæta eigi ekki öll að fara fram í höfuðborginni. Dæmi um þetta viðhorf er eftirfarandi athugasemd: „Fólk vill ekki endilega ræða t.d. þjóðhætti við sérfræðinga að sunnan“.

Uppbygging safna og menningarminja var flestum viðmælendum mjög hugleikin. Nýting gamalla húsa sem menningarmiðstöðva var greinilegt áhugamál enda eru menningarsetur og aðstaða víða í uppbyggingu.

Aðstaða

„Það þarf engar hallir“ var setning sem oft var fleygt fram og þegar nánar er skoðað hvaða afstöðu var þarna verið að láta í ljós kemur fram að annars vegar er verið að tala um forgangsröðun verkefna, og hins vegar hagsmuni lítilla byggðalaga. Í samhengi við forgangsröðun verkefna þýðir þetta að fólk vill leggja áherslu á nauðsyn húsnæðis til daglegra, hversdagslegra nota s.s. geymslur og vinnuástaða. Gagnvart litlum byggðarlögum lýsir þetta ákveðnum ótta við að uppbygging menningarhúsa í stærri byggðarlögum verði á kostnað aðstöðu í litlum byggðum.

Víða var minnst á að vandi menningarstarfs á landsbyggðinni er ekki húsnæðisleysi heldur skortur á rekstrarfé til að halda starfsemi lifandi og vaxandi. Félagsheimili og fleiri hús eru víða til staðar en viðhaldi þeirra og endurbótum þarf að sinna. Víða verið að selja húsnæði og við það þarf að gæta þess að ekki tapist aðstaða fyrir menningarstarf.

Aðstöðuleysi leikfélaga hamlar starfsemi þeirra að margra mati. Þar er ekki endilega átt við sýningarástöðu, því hún getur verið til staðar t.d. í félagsheimilum en leikfélagið þurft að deila henni með öðrum. Vandinn snýst því fremur um fastan samastað – „sum leikfélög eru á eilífum hrakhólum“. Geymslur og æfingaástaða er þarna efst á blaði.

Varðandi vinnuástöðu fyrir listamenn var bent á að vinnuástaðan er ekki nóg til að draga að listamenn, það þarf tekjumöguleika og verkefni í samfélaginu til þess að aðstaðan nýtist.

Víða var lögð áhersla á nauðsyn þess að tryggja nauðsynlegar endurbætur og farsælan rekstur félagsheimila. Jafnframt kom fram að hugmyndir um menningarhús eru að mótast og verða ólíkar, enda kalla aðstæður á fjölbreyttar lausnir. Ljóst er að með menningarhúsunum mun aðstaða til menningarsamskipta s.s. tónleikahalds, leikferða o.fl. þátta, stórbatna.

Fylgiskjal 1 - Listi yfir hugmyndir og tillögur sem fram komu

1. Menningarhátíðir á landsbyggðinni – verkefnasjóður sem er nýtt og aukið fjármagn (áfram verði þeir sjóðir sem fyrir eru vegna menningarstarfs utan hátíðanna).
2. Fjármagn sem fór til M2000 verði ekki dregið til baka heldur nýttist m.a. landsbyggðarhátíðum.
3. Samræming á gagnaöflun um fjármögnun, aðsókn o.fl. hagstærðir sem Hagstofa Íslands safnar milli sveitarsjóðsreikninga.
4. Markaðssetning menningarhátíða.
5. Aukin framlög til menningarmála.
6. Samningar ríkis og sveitarfélaga.
7. Sveitarfélög á stærri svæðum skilgreini hvað þau geta staðið saman um.
8. Fjölgun listafólks og annars starfsfólks í menningarmálum á landsbyggðinni.
9. Starfsemi þjóðmenningarstofnana á landsbyggðinni verði eflað og gerð markvissari.
10. Gagnagrunnur um aðstöðu til menningarstarfs á landsbyggðinni.
11. Útvíkkun á starfsemi Listahátíðar í Reykjavík, t.d. með því að hún komi að kynningu og markaðssetningu listahátíðar á landsbyggðinni, veitti faglega ráðgjöf og kæmi listafólki á framfæri.
12. Ráðstefna um menningarmál á landsbyggðinni, þátt menningarmála í byggðastefnu.
13. Áframhaldandi atvinnuráðgjöf á sviði menningarmála.
14. Efla atvinnumennsku í listum á landsbyggðinni.
15. Koma upp fleiri atvinnuleikhópum.
16. Fleiri störf atvinnumanna með áhugaleikhópum.
17. Samningar sveitarfélaga við leikfélög.
18. Leikfélög fái tryggja starfsaðstöðu, t.d. verði félagsheimilum ráðstafað til leikstarfsemi.
19. Atvinnumennska byggir á menntastofnunum – efla listmenntun sem hluta atvinnugrundvallar.
20. Starfsemi Listaháskóla Íslands á landsbyggðinni.
21. Kennaramenntun í listum aðgengileg fyrir landsbyggðarfólk.
22. Auðvelda heimsóknir listamanna út á land.
23. Efling samstarfs Þjóðminjasafns og safna á landsbyggðinni.
24. Stefnumótun í málefnum safna á landssvæðum.
25. Fjölgun fagmenntaðs fólks í minjageiranum.
26. Átak í rannsóknum og skráningu minja.
27. Aðgengi og kynning á menningarminjum.
28. Kynning á starfsemi safna fyrir almenningi.
29. Efling myndlistarmenntunar.
30. Sveitarfélög ráði fagfólk til starfa.
31. Áhersla á rannsóknir og fræðimennsku á sviði sögu og minja.
32. Myndlist fyrir alla – hliðstæða Tónlistar fyrir alla.
33. Tenging safna við listmenntun.
34. Fræðslustarf og fyrirlestrararf safna.
35. Verkefnastyrki til safna.
36. Starfssvæði safna ekki bundið sveitarfélaga- eða kjördæmamörkum heldur menningarsvæðum.
37. Fjölgun minjavarða.
38. Tenging húsafríðunar og húsa verndunar við atvinnuuppbyggingu með starfsemi í friðuðum húsum.

39. Einföldun styrkjakerfis við húsfriðun og húsaveyndun.
40. Sveitarfélög leggi meiri áherslu á minjarannsóknir og minjavernd.
41. Söfn á landsbyggðinni beri meiri ábyrgð á rannsóknnum og vörslu fornminja og fornleifa.
42. Þjóðminjasafnið starfi um allt land, sýningar þess séu um allt land og safnið starfi með öðrum söfnum að sýningum.
43. Samstarf í kynningar og markaðsmálum minjasafna.
44. Minjar séu til sýnis á upprunastað.
45. Fjarvinnsla í skráningu í minjageiranum.
46. Fjölbjóðamenning, efling hennar.
47. Hækkun styrkja til áhugaleikhópa.
48. Áhugaleikhópar fái tryggja starfsaðstöðu í sínu sveitarfélagi.
49. Hópur leikara og leikstjóra sem atvinnumenn á landsbyggðinni. – t.d. á vegum Þjóðleikhúss, eða ríkisstyrktir á annan hátt. Bæði til starfa með áhugaleikhópum og skólum vegna markmiðssetningar í aðalnámskrá í listgreinum.
50. Atvinnufólk með verkefni inni grunnskólana.
51. Fjölgja atvinnuleikhópum á landsbyggðinni.
52. Leiklistarstarf sem forvarnir.
53. Að skapa forsendur til að starfsáætlanir menningarstofnana á landsbyggðinni nái til lengri tíma – mótun menningarstefnu sveitarfélaga.
54. Samstarfsnet Listasafns Íslands og stofnana á landsbyggðinni.
55. Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf Listasafns Íslands s.s. á sviði forvörslu, safnfræðslu, markaðssetningar og listfræði verði aðgengileg aðilum á landsbyggðinni.
56. Laða að fjármagn frá fyrirtækjum til menningar.
57. Listasafnið kynni sýningar sínar á landsbyggðinni.
58. Sjóð til að sækja um styrki vegna farandsýningar.
59. Efling myndlistar á landsbyggðinni.
60. Listasafn Íslands sem höfuðsafn hafi ákveðnar skyldur gagnvart landsbyggð og verði veitt fjármagn til að standa straum af þeim.
61. Skráning og yfirlit um listaverkaeign opinberra aðila á landsbyggðinni.
62. Aðstaða fyrir starfsemi atvinnulistamanna á landsbyggðinni; vinnuaðstaða, húsnæði og launuð verkefni til lengri tíma.
63. Launastyrki í samvinnu við sveitarfélög, til ákveðinna verkefna.
64. Efla höfundamiðstöðina.
65. Reynsluverkefni sveitarfélaga.
66. Samræming upplýsingaöflunar um menningarmál, Hagstofan haldi utanum það.
67. Tónlist fyrir alla nái til alls landsins.
68. Einn vettvangur/brunnur/vefur með upplýsingum um sjóði, styrki, farvegi, möguleika etc. – ath. menning.is er hægt að virkja þann vef betur?
69. Listamannalaun út á land – handvirkt.
70. Ungmennum/námsfólki verði boðin sumarvinna á sínu sviði í heimabyggð.
71. Listamenn flytji út á land a.m.k. tímabundið.
72. Auglýsa landsbyggðarþjóðin líka í Mbl.
73. Staða menningarfulltrúa skilgreind í byggðarlögum.
74. Efla framlög til húsfriðunar.
75. Framboð á menningartengdri afþreyingu fyrir ungmenni.
76. Hugmyndin um menningarhús útfærð betur, ganga frá samningum við Ísafjörð ?
77. Þáttur kirkjunnar í menningarmálum.
78. Hætta að senda menninguna út á land, styðja menningarstarfið heima fyrir.
79. Tryggjari fjármögnun, t.d. með samningagerð.
80. Langtímaáætlanir.

81. Velja listamann ársins.
82. Fræðasetur í textíl á Blönduósi.
83. Þróunarsjóður fyrir bókasöfn.
84. Gjafir/styrkir til menningarmála og safna verði frádráttarbærar til skatts.
85. Keðjur samstæðra safna verði skilgreindar (bæklingar og tilvísanir á staði á landinu).
86. Merking sögustaða í samstarfi við Vegagerð ríkisins.
87. Stuðningur við kóra.
88. Aukinn stuðningur við leikfélög.
89. Menningarlottó.
90. Með lengingu grunnskólanáms verði tekið betur á listmenntuninni.
91. Efling myndlistarmenntunar á landsbyggðinni.
92. Efla menningarstarf sem grundvöll menningartengdrar ferðapjónustu.
93. Stofna fleiri hljómsveitir á landsbyggðinni.
94. Stórauka framlög til áhugaleikfélaga.
95. Styrkir til áhugaleikfélaga til að fara í sýningarferðir um landið.
96. Þjóðmenningarstofnanir þjóni landsbyggðinni með endurmenntun og þjálfun.
97. Langtímaáætlanir verði gerðar.
98. RÚV sé ekki svona miðstýrt úr Efstaleitinu – auka dagskrárgerð á landsbyggðinni.
99. Gera söfnin á svæðum eina heild og gera allt sem er boðið uppá sýnilegt sem eina heild; söfn, kirkjur o.s.frv.
100. Meiri ríkisstyrki til kóra, einhverja reglu eða fasta fjármögnun.
101. Samgöngur eru menningarmál.
102. Efla rannsóknir á sviði þjóðfræða á landsbyggðinni.
103. Sjóðir til að sækja um í stærri verkefni, jafnvel í samvinnu sveitarfélaga.
104. Þjóðmenningarstofnanir fái og verji fjármagni til að sinna hlutverki sínu gagnvart landsbyggðinni.
105. Þjóðmenningarstofnanir hafi forystu um landssamstarf á sínu sviði.
106. Starfsstyrkir sem sveitarfélög geti sótt um til að ráða ákveðinn listamann í ákveðin verkefni. Verkefni sé vel skilgreint, ekki sprengja starfsmanninn.
107. Markmiðssetning hjá ríki og sveitarfélögum.
108. Akademíur á landsbyggðinni.
109. Opinber stefna sem gengur þvert á sérhagsmuni sveitarfélaga.
110. Leiðir verði fundnar til að efla almenningsbókasöfnin í sínu sístækkandi starfssviði.
111. Menningarmál áhersluatriði í byggðastefnu, „fólk nennir ekki að búa þar sem ekkert er að gerast“.
112. Mikla fjármuni vantar í varðveislu og kynningu menningarminja.
113. Í stað miðsafna og umdæmissafna verði skilgreint hvaða þjónusta á að vera í boði og stofnanir geti síðan keypt þjónustu annarra stofnana frjálst „Þarf miðsafn? Á ég að vera að borga í eitthvað apparat sem hefur svo engan hvata til þjónustu – afhverju má ég ekki semja við hvaða safn sem er um ákveðna þjónustu gegn greiðslu“.
114. Glæða lífi í fólkið þá glæðir það húsin lífi!
115. Skilgreining á svæðum/sveitarfélögum og framlagi þeirra til íslenskrar menningar, þ.e. sérstöðu þeirra.
116. Svæðisbundin stjórn á menningarmálum.
117. Samvinnu og sérhæfingu í safnastarfinu.
118. Fá ungt námsfólk til að starfa við hæfi t.d. í sumarvinnu eða með námi.
119. Miðla upplýsingum milli landshluta um menningarmál, lausnir og leiðir ekki síður en viðburði.
120. Stefnumótun í menningarmálum.
121. Atvinnuleikara til starfa.

122. Próunarsjóður almenningubókasafna.
123. Í minjavörslunni verði skilgreind miðsöfn, útsöfn og sýningar.
124. Fleira fagfólk í minjavörsluna.
125. Tengja húsafriðun og atvinnuuppbyggingu með starfsemi í friðuðum húsum.
126. Námskeið á vegum safna og Þjóðminjasafns.
127. Nemendaskipti milli grunnskóla á landsbyggðinni og grunnskóla í Reykjavík.
128. Efla listmenntun.
129. Áskriftarkort á menningarviðburði á landsbyggðinni.
130. Samræming og forgangsroðun verkefna á svæðum.
131. L.Ung.A.Listahátíð ungs fólks á Austurlandi.
132. Menningarlotterí.
133. Menningarfulltrúi Austurlands.
134. Menningarverðlaun
135. Aukin framlög til menningarmála.
136. Fjárhagslegur stuðningur við öflun og rekstur húsnæðis.
137. Skráning menningarminja.
138. Áherslu á verkmenningu.
139. Menntun.
140. Veita meira fjármagni og gera það aðgengilegra.
141. Fjárveitingar til svæðisbundins samstarfs í menningarmálum.
142. Tímabundin ráðning menningarfulltrúa svæða.
143. Ráðning háskólamenntaðra sérfræðinga í fastar stöður við fræðasetur og söfn.
144. Fræðasetur verið stofnuð við söfn og í sveitarfélögum vegna sérstakra aðstæðna.
145. Auka og útvíkka styrkjakerfi til að ná yfir kóra, myndlist og ritlist.
146. Uppbygging aðstöðu fyrir listamenn.
147. Að ríkið taki þátt í að ljúka endurbótum húsnæðis fyrir menningarstarfið sem hafnar eru af hálfu sveitarfélaga.
148. Viðhaldi félagsheimila í minni byggðakjörnum verði sinnt og þau nýtt sem menningarhús.
149. Samningar ríkis og sveitarfélaga um menningarmál.
150. Að efla byggð á Akureyri.
151. Halda listahátíð annað hvert ár á landsbyggðinni.
152. Auknar fjárveitingar, sjóð til verkefnastyrkja.
153. Þjóðleikhúsið meira útá land, bæði sýningar og sérfræðiaðstoð.
154. Endurbætur og rekstur húsnæðis til menningarstarfs.
155. Samgöngur þarf að bæta.
156. M-Hátíðir endurvaktar.
157. Bæta húsnæðisaðstöðu safna.
158. Efla tónlistarskólana.
159. Merkja sögustaði.
160. Stofna menningarsjóð í hverju sveitarfélagi.
161. Uppbygging fræðasetra.
162. Skýra menningarstefnu ríkis og langtímafjármögnun skv. Lagamma fremur en fjárlögum hvers árs.
163. Markvissan stuðningur við skilgreiningu og uppbyggingu menningarlegrar sérstöðu hvers landssvæðis.
164. Sérstakar fjárveitingar til að bæta aðstæður í félagsheimilum.
165. Styrkja myndlistarsýningar í skólum og félagsheimilum.
166. Myndlistarmenn í skólana til að efla myndlistarmenntun.
167. Samstarfssamningur ríkis og sveitarfélaga á svæðisvísu.
168. Samstarf um menningarmál á stærri landssvæðum.

169. Efla aðstöðu til menningarstarfsemi.
170. Skilgreina hlutverk og starf safna, efla samstarf safna.
171. Langtímaáætlanir.
172. Fjölga störfum sem krefjast menntunar og sérþekkingar.
173. Efla menningartengda ferðaþjónustu.
174. Draga fram sérkenni svæða
175. Efling fjarvinnslu og upplýsingatækni á bókasöfnum og öðrum upplýsingamiðstöðvum.
176. Efling fjarnáms og símenntunar.
177. Menntun sem tengist menningarlífi á svæðunum.
178. Gefa aðilum í menningariðnaði aðgang að fagfólki til tímabundinna verkefna.
179. Ráðning menningarfulltrúa svæða.
180. Styrkir til tónlistarskóla og tónlistarlífs.
181. Þjóðmenningarstofnanir út á land.
182. Bygging og rekstur menningarhúsa er sinni þörf atvinnuleikhúss og hljómsveitar.
183. Efling sjóða sem listafólk getur sótt í.
184. Tryggja aðgang landsbyggðarfólks að launasjóðum t.d. með kvóta.
185. Stuðningur við sérsöfn og verkefni með menningargildi og aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu.
186. Listahátíð Íslands sem mótvægi við Listahátíð í Reykjavík, með áherslu á sérstöðu hvers byggðakjarna.
187. Fjarfunda og fjarkennslubúnaði verði komið upp til að koma á aðgengi afskekktara byggða að menningarviðburðum.
188. Styrki til listafólks til að koma list sinni á framfæri í fámennum byggðarlögum.
189. Auka samskipti þéttbýlis og dreifbýlis á sviði lista og menningar í báðar áttir.
190. Uppbygging og rekstur sérhæfðra menningarstofnana verði styrktur sérstaklega af ríkisvaldinu.
191. Gerðir verði samningar við félög og stofnanir um að sinna menningarstarfi úti á landi sbr. samning ráðuneytis og BÍT og mótframlag heimamanna í formi aðstöðu og uppihalds verði metið.
192. Verkefnasjóður sem sveitarfélög og aðrir aðilar geti sótt um í
193. Rannsóknir á þjóðararfi og þjóðmenningu íslendinga aðgengi að þeim bætt með því að fjölga störfum á þessu sviði.
194. Jafnræðis verði gætt við dreifingu fjármuna í hvern fjórðung.
195. Samningar ríkis og sveitarfélaga um mótframlög í menningarmálum.
196. Búa til vinnustaði í menningarmálum, þar sem starfsmenn fleiri smærri stofnana hafi aðsetur.
197. Meira fjármagn og kynningu á leiðum til fjármögnunar.
198. Áframhaldandi ráðgjöf frá Atvinnuþróunarfélagi.
199. Samvinna á svæðum.
200. Fleira atvinnufólk inni starfið.
201. Stefnumótun ríkisvalds í málefnum safna.
202. Styðja það sem fyrir er s.s. skóla og kirkjur fremur en að reisa hallir
203. Ná niður kostnaði við sýningar Listasafns Íslands.
204. Það vantar atvinnufólk sem er á launum við að láta þetta ganga.
205. Stofna sjóð sem geti heitið Nýsköpunarsjóður listamanna.
206. Listasafn Íslands sinni safnkennslu á landsbyggðinni.
207. Átak í málefnum myndlistar á landsbyggðinni.
208. Framboð menningarviðburða frá þjóðmenningarstofnunum.
209. Listafólk á landsbyggð fái betri aðgang að markaði í gegnum ferðaþjónustuna.

210. Listahátíð landsbyggðar í líkingu við M-2000 verkefni.
211. Tengja menntun og menningu – bókasöfn, fjarnám, símenntun.
212. „Tónlist fyrir alla“ náí til alls landsins.
213. „Útídeild“ Þjóðleikhúss, þ.e. deild úr leikhúsinu sem starfi utan hússins sjálfs s.s. á landsbyggðinni.
214. Meiri áherslu á menningu ungs fólks.
215. Samræma bókhaldslykla sveitarfélaga, aðgreina í þeim framkvæmdir og rekstur, gera menningarstarf sýnilegra í bókhaldinu.
216. Launað handverksfólk við að halda menningarminjum við.
217. Mennta fleiri í gömlu handbragði.
218. Þjóðminjavarðslan verði eitt net.
219. Keðjur skyldra safna s.s. sjóminjasafna verði skilgreindar og hafi samstarf.
220. Sameiginlegan kynningarfulltrúa fyrir minjasöfnin og þjóðminjasafn.
221. Verkefnasjóður safna verði hvatning.
222. Hefja kennslu í fornleifafræði á Íslandi og efna til rannsókna í öllum landshlutum.
223. Reynsluleikfélag verði skilgreint og fengi fjármagn til þróunarstarfs.
224. Jafna aðgang að rafrænum tímaritum.
225. Efla leiklistaruppeldi.
226. Reynsluskólar í listuppeldi, grunn- og framhaldsskólar eða reynslusveitarfélagasamningur.
227. Endurskipuleggja og skilgreina fjármögnun.
228. Listahátíð Íslands til að fylgja eftir M-2000
229. Rannsóknir að Ásum fari af stað af krafti.
230. Jöfnunarsjóð fyrir lítil söfn sem vilja taka upp skráningu í Sarp.
231. Tónlist fyrir alla allan hringinn.
232. Listahátíð Íslands.
233. Starfsmenn sveitarfélaga, menningarfulltrúar verði allstaðar.
234. Meta áhugastarfið sem mótframlag við fjármögnun.
235. Meiri kynningu á styrkjum og sjóðum.
236. Stækka verkvið tónlistarskólanna og gera þá að menningarskólum eða listaskólum í breiðari skilningi.
237. Landsbyggðarlaunasjóð fyrir listamenn.
238. Tryggja þátttöku fólks af landsbyggðinni í nefndum og ráðum í menningarmálum.
239. Meiri áherslu á listmenntun í skólakerfinu.

Fylgiskjal 2 - Gestir á fundum samstarfshóps um menningarmál

Aðalheiður Borgþórsdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi, Seyðisfirði
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður Rithöfundasambands Íslands,
Reykjavík
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastj. Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga,
Ísafirði
Andrés Sigurvinsson, leikstjóri/kennari, Vestmannaeyjum
Anna Jórunn Stefánsdóttir, kennslufulltrúi, Hveragerði
Arnór Guðmundsson, deildarstjóri þróunardeildar menntamálaráðuneytisins,
Reykjavík
Axel Kristinsson, forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar.
Ágúst Ármann Þorláksson, skólastjóri Tónskóla Neskaupsstaðar, Fjarðabyggð
Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri skrifstofu menningarmála, menntamála-
ráðuneytinu
Ásbjörn Björgvinsson, frkvstj. Hvalamiðstöðvar, Húsavík
Ásgeir M. Hjálmarsson, forstöðumaður Byggðasafns, Garði
Áshildur Haraldsdóttir, Tónlist fyrir alla, Reykjavík
Áslaug S. Alfreðsdóttir, hótélstjóri, Ísafirði
Ásta Hrönn Maack, Tónlist fyrir alla, Reykjavík
Bára Grímsdóttir, tónskáld/kórstjóri, Vestmannaeyjum
Benedikt Gestsson, blaðamaður, Vestmannaeyjum
Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, Reykholti
Birna Gunnlaugsdóttir, formaður Menningarmálanefndar Akranesi
Bjarnís Hannesdóttir, ferðamálafulltrúi A-Hún, Blönduósi
Bjarnheiður Jóhannsdóttir, atvinnuráðgjafi, Iðnþróunarfélag Norðurl.vestra
Bjarni Guðmundsson, kennari, Hvanneyri
Bjarni Kristjánsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar
Björg Ágústsdóttir, sveitarstjóri Grundarfirði.
Björg K. Jónsdóttir, bæjarstjórn Borgarbyggðar
Bryndís Friðgeirsdóttir, Rauði krossinn, Ísafirði
Dagný Emilsdóttir, frkvstj. Heimskringlu, Reykholi
Davíð Baldursson, sóknarprestur, Eskifirði
Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi Vestfjarða, Ísafirði
Dóra Stefánsdóttir, frkvstj. Markaðsráðs Suðausturlands, Hornafirði
Elín Erlingsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu, Skaftárhreppi
Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður Heimilisiðnaðarsafns, Blönduósi
Elísabet Haraldsdóttir, listakona, Hvanneyri
Erla Sigurðardóttir, fræðslufulltrúi Húsavíkur, Húsavík
Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri æskulýðsdeildar menntamálaráðuneytis
Guðbergur Þorvaldsson, atvinnuráðgjafi, Vesturbyggð
Guðbjörg Árnadóttir, formaður Skagaleikflokksins, Akranesi
Guðbjörg Ásgrímsdóttir, fulltrúi í menningarnefnd Grindavík
Guðbjörg Ingimundardóttir, formaður menningar og safnaráðs
Reykjanesbæjar
Guðbjörg Sveinsdóttir, rekstrarfulltrúi skólaskrifstofu, Reykjanesbæ
Guðjón Hjörleifsson, bæjarstjóri, Vestmannaeyjum
Guðlaug Hestnes, tónskólakennari, Hornafirði
Guðleifur Sigurjónsson, forstöðumaður Byggðasafn Suðurnesja
Guðmundur H. Guðjónsson, Tónlistarskóli, Vestmannaeyjum
Guðný Helgadóttir, lista- og safnadeild menntamálaráðueytis
Guðrún A. Gunnarsdóttir, bæjarstjórn Stykkishólmi
Guðrún Jónsdóttir, bæjarstjórn Borgarbyggð

Guðrún Jónsdóttir, söngkona/kennari, Ísafirði
 Guðrún Kristinsdóttir, forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri
 Guðrún Nordal, formaður stjórnar listamannalauna, Reykjavík
 Gunnar Sigvaldason, formaður SSV, Vesturland
 Halldóra Jónsdóttir, forstöðum. Bæjar- og héraðsbókasafns, Akranesi
 Hannes Friðriksson, leikfélagið Vesturbyggð
 Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri
 Heiðrún Geirsdóttir, Heimskringlu, Reykholti
 Helga Guðmundsdóttir, forstöðum. Fræðslu og menningarsviðs Austur-
 Héraðs, Egilsstöðum
 Helga Gunnarsdóttir, menningar- og skólamálafulltrúi, Akranesi
 Helgi Þ. Svavarsson, Tónlistarskólinn á Akureyri
 Hildur Hákonardóttir, forstöðumaður Listasafns Árnesinga, Árborg
 Hilmar Sigvaldason, verkamaður, Borgarfirði
 Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, Reykjavík
 Hjálmsfríður Sveinsdóttir, Menningarmálanefnd, Vestmannaeyjum
 Hjördís Blöndal, formaður bæjarráðs, Blönduósi.
 Hlíf Gylfadóttir, safnvörður, Byggðas. Vestmannaeyjum
 Hlíf S. Arndal, forstöðumaður bókasafnsins í Hveragerði
 Hólmkell Hreinsson, amtsbókavörður, Akureyri
 Hrafnhildur Tryggvadóttir, Uppl.&kynn.miðst. Vesturlands
 Hrefna B. Jónsdóttir, Atvinnuráðgjöf Vesturlands
 Hulda Björk Þorkelsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar
 Inga Huld Sigurðardóttir, Ferðam.fulltr. Atv.ráðgj. Vesturlands
 Inga S. Ólafsdóttir, form. Menningarmálanefndar, Ísafirði
 Ingólfur Ármannsson, menningarfulltrúi Akureyrar
 Íris Jónsdóttir, fulltrúi í menningarmálanefnd, Reykjanesbær
 Johann Morávek, skólastjóri Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu, Hornafirði
 Jóhann Ásmundsson, forstöðumaður Byggðasafnsins Hnjóti, Vesturbyggð
 Jóhann Hinriksson, forstöðum. Bókasafns/Slunkaríki, Ísafirði
 Jóhann Jónsson, myndlistamaður, Vestmannaeyjum
 Jóhann S. Sævarsson, Norðuróp, Akureyri
 Jóhann Sæmundsson, stjórnarf. Byggðas.Dalamanna
 Jóhanna Bergmann, forstöðumaður Minjasafns Austurlands, Egilsstöðum
 Jóhanna Gísladóttir, frkvstj. Markaðsstofu Austurlands, Seyðisfirði
 Jón Arnþórsson, safnstjóri, Akureyri
 Jón Björn Hákonarson, upplýsinga- og kynningafulltrúi Fjarðabyggðar
 Jón Sævar Baldvinsson, forstöðum. bókasafnsins í Þorlákshöfn
 Jóna Björg Guðmundsdóttir, héraðsskjalavörður, Vestmannaeyjum
 Jóna Sigurbjartsdóttir, formaður fræðslunefndar Skaftárhrepps,
 Kirkjubæjarklaustri
 Jónína E. Arnardóttir, píanóleikari, Borgarnesi
 Katrín B. Ríkhardsdóttir, Minjasafnið á Akureyri
 Kristrún Jónsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Héraðsbúa, Egilsstöðum
 Laufey Margrét, listmálari, Akureyri
 Margrét Guðjónsdóttir, þjóðfr./kenn. Varmalandi
 Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, Reykjavík
 Marlies Wechner, listkennari, Akranesi
 Nada Boronak, myndlistarm/kennari, Vestmannaeyjum
 Nanna Þ. Áskelsdóttir, forstöðumaður Safnahúss, Vestmannaeyjum
 Oktavía Jóhannesdóttir, Bæjarstjórn Akureyri
 Óðinn Gunnar Óðinsson, atvinnuráðgjafi Próunarstofu Austurlands,
 Egilsstöðum
 Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður, Reykjavík
 Ólafur E. Lárusson, menningarmálanefnd, Vestmannaeyjum

Ólafur Kjartansson, frkvstj. Markaðs- og atvinnuskristofu, Reykjanesbæ
Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, Reykjavík
Ólafur Ragnarsson, sveitarstjóri, Djúpavogshreppi
Pétur Halldórsson, RÚV, Akureyri
Philip Vogler, ferðafrömuður, Egilsstöðum
Philippe Ricart, listamaður, Akranesi
Ragnar Karlsson, Hagstofu Íslands, Reykjavík
Reynir Adólfsson, Akureyri
Reynir Karlsson, deildarstjóri íþróttadeildar menntamálaráðuneytisins
Reynir Sveinsson, forstöðumaður Fræðasetursins, Sandgerði
Roar Kvam, MENOR, Akureyri
Rúnar Björgvinsson, sveitarstjóri, Breiðdalshreppi
Sigríður Hrönn Theódórsdóttir, Atvinnuráðgjöf Vesturlands/Dalabyggð
Sigríður O. Kristjánsdóttir, Ísafirði
Sigríður Ragnarsdóttir, Skólastj. Tónlistarskóla Ísafj., Ísafirði
Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðum. Byggðasafns Snæfellsbæjar
Sigurbjörg Kristínard., Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Akureyri
Sigurður Bjarnason, atvinnuráðgjafi, Selfossi
Sigurður Hallmarsson, Leikfélag Húsavíkur, Húsavík
Sigurður Símonarson, menningarfulltr., Vestmannaeyjum
Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri, Sandgerði
Sigurfinnur Sigurfinnsson, myndlistarm/kennari, Vestmannaeyjum
Sigurhans Guðmundsson, form. Leikfél.V., Vestmannaeyjum
Sigurlaug Gissurardóttir, bæjarfulltrúi, Hornafirði
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, Amtsbókas. Stykkishólmi
Sigurveig Gunnarsdóttir, Sunnukórinn, Ísafirði
Signý Pálsdóttir, menningarstjóri Reykjavíkur
Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, Skriðuklaustri
Snæbjörn Reynisson, formaður menningarmálanefndar, Vatnsleysuhreppi
Stefán Baldursson, þjóðleikhússtjóri, Reykjavík
Sunna Njálisdóttir, forstöðumaður Bókasafns Eyrarsveitar
Svanfríður Jónasdóttir, alþingismaður, Dalvík
Sveinn Einarsson, formaður framkvæmdastjórnar Listahátíðar í Reykjavík
Tinna Gunnlaugsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna, Reykjavík
Tryggvi Finnsson, frkvstj. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
Valdís Viðarsdóttir, Dagur, Akureyri
Vilborg Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga,
Reykjavík
Vilhjálmur Vilhjálmsson, myndlistamaður, Vestmannaeyjum
Þorbjörg Arnórsdóttir, bæjarfulltrúi, Hornafirði
Þorgeir Ólafsson, lista- og safnadeild menntamálaráðuneytis,
Þorlákur H. Helgason, forstöðum. fræðslu- og menningarsviðs, Árborg
Þorsteinn Sverrisson, frkvstj. Þróunarfél., Vestmannaeyjum
Þorvaldur H. Gunnarsson, safnvörður Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka
Þór Magnússon, þjóðminjavörður, Reykjavík
Þórunn Gestsdóttir, sveitarstjóri, Borgarfirði
Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi Menningarborgar Reykjavíkur og stjórnandi
Listahátíðar í Reykjavík
Pröstur Ásmundsson, Menningarmálanefnd Akureyrar.

Fylgiskjal 3 - Sveitarfélög sem svöruðu bréfi starfshópsins

Aðaldælahreppur
Akureyrarbær
Austur-Hérað
Bessastaðahreppur
Borgarbyggð
Breiðdalshreppur
Djúpavogshreppur
Fjarðabyggð
Grýtubakkahreppur
Hafnarfjarðarkaupstaður
Húnaþing-Vestra
Hvolhreppur
Ísafjarðarbær
Laugardalshreppur
Reykholahreppur
Reykjanesbær
Seltjarnarneskaupstaður
Siglufjarðarkaupstaður
Skagahreppur
Snæfellsbær
Sveitarfélagið Hornafjörður
Sveitarfélagið Ölfus.
Tálknafjarðahreppur